



## Nám fullorðinna kvenna með litla grunnmenntun

Hvaða gildi hefur nám á skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi haft fyrir nemendur brautarinnar?

Inga Karlsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed. gráðu  
Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið

**Nám fullorðinna kvenna með litla  
grunnmenntun**

*Hvaða gildi hefur nám á skrifstofubraut I í  
Menntaskólanum í Kópavogi haft fyrir  
nemendur brautarinnar?*

Inga Karlsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum

Leiðsögukennari: Hanna Ragnarsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2009

Ritgerð þessi er lokaverkefni til M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Inga Karlsdóttir 2009

Prentun: Háskólaprent ehf.  
Reykjavík, Ísland 2009

## **Formáli**

Rannsóknin er meistaraþrófsverkefni til M.Ed.- gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands með áherslu á fullorðinsfræðslu. Vægi ritgerðarinnar er 30 ECTS einingar. Gagnaöflun fór fram í lok árs 2007, fram á sumar 2008 og úrvinnsla og skrif í framhaldi af því.

Leiðbeinandi var Hanna Ragnarsdóttir, dósent í fjölmenningsfræðum og sérfræðingur Hróbjartur Árnason, lektor í kennslufræði fullorðinna.

Ég færi þeim báðum mínar bestu þakkir sem og fjölskyldu minni fyrir aðstoð og þolinmæði. Einnig þakka ég viðmælendum mínum ómetanlega þátttöku í rannsókninni.



## Samantekt

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort nám á skrifstofubraut I (staðbundið nám) í Menntaskólanum í Kópavogi hefur orðið kvenkyns nemendum hvatning til áframhaldandi náms, hvort það hefur eflt atvinnumöguleika þeirra og hvort það hefur skipt einhverju máli fyrir sjálfsmynd nemans. Rannsókninni var ætlað að gefa niðurstöður sem geta nýst við þróun námsframboðs og starfshátta á skrifstofubrautinni með ávinning væntanlegra þátttakenda í huga.

Markmiðið með því að skoða hvaða gildi nám á skrifstofubraut I hefur haft fyrir nemendur var að geta bætt námið og kennsluna.

Þær rannsóknarspurningar sem voru lagðar til grundvallar rannsókninni eru; ***Hvaða gildi hefur nám á skrifstofubraut I, (staðbundið nám) í Menntaskólanum í Kópavogi haft fyrir nemendur brautarinnar?***

- a) Hvað hafði neminn fengist við áður en hann hóf nám á skrifstofubrautinni?
- b) Hvað hafði námið í för með sér?

Gögnum var safnað með viðtölum við tíu brautskráðar konur auk þess sem 40 símaviðtöl, einnig við konur áttu sér stað og óformleg rannsókn var gerð á vettvangi. Öllum þátttakendum var gerð grein fyrir því að ekki yrði hægt að rekja svörin og að öllum gögnum yrði eytt að úrvinnslu lokinni. Svör kvennanna tíu voru borin undir þær þegar skráningu viðtalanna var lokið til þess að tryggja að rétt væri eftir þeim haft og svör úr símaviðtölum voru dregin saman í lokin og viðmælendur beðnir um að samþykkja þau.

Rannsóknin varpar nokkru ljósi á ástæður þess að konurnar snéru aftur í skóla, stöðu þeirra við upphaf námsins og til þess dags sem viðtalið er tekið, hvaða gagn þær telja sig hafa haft af námsgreinunum og hvaða breytingar námsdvölin hefur haft fyrir þær.

Að lokum var rannsókn mín borin saman við rannsókn Fay C. MacMillan, *A Qualitative Study of Adult Woman in a Northeast Tennessee Community College* sem gerð varárið 2003. MacMillan skoðaði hvað hefði orðið kvenkyns nemendum hvati til þess að snúa aftur

í nám og hvort eitthvað væri einkennandi fyrir þá með það fyrir augum að upplýsingarnar gætu nýst viðkomandi framhaldsskóla.

Niðurstöður sýna að langflestir snúa aftur í skóla af atvinnutengdum ástæðum, þó sumir komi með það fyrir augum að styrkja sjálfsmyndina. Þátttakendur töluðu um hversu óöryggir þeir hefðu verið í upphafi námstímans og hvernig þeir hefðu smátt og smátt náð tökum á öllu því nýja sem þeim var ætlað að meðtaka. Áður en námið hófst höfðu konurnar verið heimavinnandi, unnið með börn eða verið í verslunarstörfum en eftir að námi lauk urðu breytingar á þar sem margar fóru að vinna á skrifstofu eða héldu áfram í skóla. Þær voru jákvæðar í garð Menntaskólans í Kópavogi og sögðu að námið veitti frekari atvinnumöguleika, efldi sjálfstraustið og væri góður grunnur fyrir konur í þeirra stöðu.

## Abstract

The aim of this research study was to discover whether the Office Skills 1 study programme at Kópavogur Senior Grammar School has been a source of encouragement to undertake further study for its female students; whether it has improved their employment possibilities; and whether it has had an impact on their self-image. The research was intended to provide findings that could help in the development of the Office Skills 1 programme and how it is structured, with the interests of future students in mind.

The aim behind analyzing what value the Office Skills 1 programme has had for participating students was to improve the programme and teaching.

The questions forming the basis of the research study were the following: **What value does the Office Skills 1 study programme at Kópavogur Senior Grammar School have for its students?**

What did the student do prior to enrollment?

What were the implications of the study programme for the student?

Data was collected through interviews with 10 female graduates, as well as through 40 interviews done with women over the phone; in addition, informal research was done within the school. All participants were informed that their responses could not be traced or identified and that all data would be destroyed upon conclusion of the study. The responses of the ten female interviewees were shown to them when the recording of the data was formally concluded in order to confirm that it was correct; and the responses from the phone interviews were organized upon their conclusion and the respondents asked to verify the data as being correct.

The research sheds light on the reasons for the women returning to education, their situation at the beginning of the programme and up to the time that the interview was taken; as well as what they consider they have gained from the programme and what changes have followed in its wake.

Upon conclusion of this research, its findings were compared with those reached in 2003 by Fay C. McMillan in her study entitled *A Qualitative*



*Study of Adult Women in a Northeast Tennessee Community College.* McMillan looked at what it was that motivated female students to return to education and whether there were identifiable features that could in turn be of use to the relevant educational institutions.

The findings of this study show that the vast majority of the interviewees returned to school for reasons of employment, though some were motivated by a desire to improve their self-image. The respondents revealed how insecure they were at the beginning of the programme and how little by little they managed to grapple with all that was new for them and that they were expected to absorb. Prior to undertaking the programme the women worked within the home, or worked with children or in the service sector. After completing the programme many began clerical work or continued their education. They were positive in their attitude towards the school and were of the opinion that the programme opened up wider job opportunities, increased their self-esteem and was a good basis from which to start for women in their position.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
Samantekt .....	5
Abstract .....	7
Efnisyfirlit .....	9
Myndaskrá .....	11
Töfluskrá .....	12
1 Inngangur .....	13
1.1 Markmið og tilgangur rannsóknarinnar .....	16
1.2 Gildi rannsóknarinnar .....	17
1.3 Bygging ritgerðarinnar .....	18
2 Stuttur útdráttur úr sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi .....	19
2.1 Möguleikar fullorðinna til náms .....	19
2.2 Lagasetning og ábyrgð ráðuneyta .....	21
2.3 Stuttur útdráttur úr sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi .....	23
2.4 Fyrri rannsóknir á sviðinu .....	24
2.5 Kenningar um nám fullorðinna námsmanna .....	27
2.6 Hvati fullorðinna til náms .....	33
2.7 Hindranir .....	34
3 Skrifstofubraut I .....	39
3.1 Utanumhald .....	40
3.2 Leiðbeinandinn - kennsluhættir á skrifstofubrautinni .....	41
4 Aðferðafræði .....	45
4.1 Viðmælendur og öflun gagna .....	45
4.2 Aðferðir og rannsóknarsnið .....	47
4.3 Úrvinnsla og greining gagna .....	48
4.4 Siðferðileg atriði og kynning niðurstaðna .....	50

4.5 Þátttakendur .....	51
5 Niðurstöður .....	55
5.1 Niðurstöður úr staðbundnum viðtölum .....	55
5.2 Niðurstöður úr símaviðtölum .....	72
5.3 Samantekt úr viðtölunum .....	83
5.4 Samanburður á rannsóknum .....	87
6 Umræður .....	91
7 Lokaorð .....	99
7.1 Frekari rannsóknir .....	100
Heimildaskrá .....	103

## Myndaskrá

Mynd 1 Staðbundin viðtöl. Ástæða þess að nemendur hófu nám á skrifstofubrautinni.....	56
Mynd 2 Staðbundin viðtöl. Að ákveða að hefja nám að nýju, auðvelt eða erfitt?.....	58
Mynd 3 Staðbundin viðtöl. Viðfangsefni þátttakenda áður en hann hóf nám á brautinni. - .....	59
Mynd 4 Staðbundin viðtöl. Viðbrögð fjölskyldu og vina.....	60
Mynd 5 Staðbundin viðtöl. Líðan í upphafi námsins. ....	62
Mynd 6 Staðbundin viðtöl. Viðmót kennara. ....	63
Mynd 7 Staðbundin viðtöl. Viðmót annarra nemenda. ....	64
Mynd 8 Staðbundin viðtöl. Gagnsemi námsgreina. ....	66
Mynd 9 Staðbundin viðtöl. Breytingar.....	67
Mynd 10 Staðbundin viðtöl. Mælt með námi.....	68
Mynd 11 Staðbundin viðtöl. Viðfangsefni eftir að námi lauk.....	69
Mynd 12 Staðbundin viðtöl. Hefur nemandinn oft sótt um störf á skrifstofu? .....	70
Mynd 13 Síma viðtöl. Ástæða þess að nemendur hófu nám á skrifstofubrautinni.....	72
Mynd 14 Síma viðtöl. Að ákveða að hefja nám að nýju auðvelt eða erfitt? .....	73
Mynd 15 Síma viðtöl. Viðfangsefni þátttakendur áður en þeir hófu nám á brautinni. ....	74
Mynd 16 Síma viðtöl. Viðbrögð fjölskyldu og vina.....	75
Mynd 17 Síma viðtöl. Líðan í upphafi námsins. ....	75
Mynd 18 Síma viðtöl. Viðmót kennara. ....	76
Mynd 19 Síma viðtöl. Viðmót nemenda. ....	77
Mynd 20 Síma viðtöl. Gagnsemi námsgreina. ....	78
Mynd 21 Síma viðtöl. Breytingar.....	79
Mynd 22 Síma viðtöl. Mælt með námi.....	80
Mynd 23 Síma viðtöl. Viðfangsefni eftir að námi lauk.....	81
Mynd 24 Síma viðtöl. Hefur viðkomandi oft sótt um störf á skrifstofu? .....	82
Mynd 25 Síma viðtöl. Viðfangsefni nú. ....	83

## **Töfluskra**

Tafla 1 - Breytingar á starfsháttum .....	71
---	----

# 1 Inngangur

Ætlunin með rannsókn minni var að kanna hvaða gildi nám á skrifstofubraut I (staðbundið nám) í Menntaskólanum í Kópavogi hefur haft fyrir nemendur brautarinnar. Niðurstöður voru dregnar af viðtölum við 10 kvenkyns nemendur sem lokið hafa námi undanfarin sex ár og einnig af 40 símaviðtölum við konur sem úrskrifuðust á sama tíma. Niðurstöðurnar voru síðan bornar saman við niðurstöður úr rannsókn Fay C. McMillan, *A Qualitative Study of Adult Women in a Northeast Tennessee Community College* frá árinu 2003 á nokkuð sambærilegu efni.

Lífaldur fólks í vestrænum samfélögum hefur lengst á síðustu áratugum og koma þar til betri lífskjör, s.s. í formi öflugri heilbrigðisþjónustu, betri húsakynna og breyttri vinnuástöðu. Á stuttum tíma hefur bændasamfélagið breyst í upplýsinga- og tæknisamfélag og þörfin fyrir sí- og endurmenntun verður sífellt meiri. Fólk vinnur nú oft áfram eftir lögskipaðan eftirlaunaaldur og sækir sér menntun alla ævina. Námsframboð hefur aukist og ekki þykir lengur tiltökumál að nemendur séu jafnvel miðaldra þegar þeir setjast aftur á skólabekk. Sumir til þess að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og aðrir eru að hefja nám á nýjum vettvangi. Slíkir nemendur hafa oft verið kallaðir fullorðnir námsmenn og talað er um fullorðinsfræðslu í tengslum við nám þeirra.

Nám fyrir fullorðið fólk hefur einkum verið flokkað í þrennt; formlegt, óformlegt og óformað (sumir kalla það formlaust) nám. Formlegt nám er það sem flestir þekkja sem hið hefðbundna nám sem fram fer innan veggja skólastofnana. Merriam og Caffarella (1999) segja að óformlegt nám sé gjarnan skilgreint sem sveigjanlegra, og ekki eins fast mótað eða skipulagt og formlegt nám í skóla.

Þessi tegund náms getur, t.d. farið fram á þungavinnuvélanámskeiði, á vinnustað, í fyrirlestri eða bókaklúbbi og beinist meira að sértækum þörfum einstaklingsins. Óformað nám er ekki skipulagt sem slíkt heldur á það sér gjarnan stað án þess að námsmaðurinn geri sér grein fyrir því að hann sé að læra. Þessi tegund náms getur átt sér stað hvar sem er, í vinnu, heima, í félagsstörfum, fyrir framan sjónvarpið og svo mætti lengi telja. Áður en lengra er haldið er einnig þarft að staldra við hugtökin *fullorðinsfræðsla* og *fullorðnir námsmenn* og gera sér grein fyrir því hvaða skilning fræðimenn leggja í þau. Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir (2001a) skilgreina fullorðinsfræðslu sem alla fræðslu

sem fullorðnir fá, hvort sem hún er innan hins formlega skólakerfis eða utan þess.

Í skýrslu Evrópusambandsins (2007, e.d.) er símenntun (lifelong learning) skilgreind sem allt það námsferli sem hefur það að markmiði að auka þekkingu, hæfni og færni í persónulegu, borgaralegu, félagslegu eða í atvinnulegu samhengi. Þá vaknar spurningin um hvenær einstaklingur sé talinn fullorðinn. Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir (1999) skilgreina ekki með orðum hvað telst vera fullorðinn námsmaður en rannsókn þeirra á símenntun spannar aldursbilið 18 – 75 ár.

Merriam og Caffarella (1999) og Johnstone og Rivera (1965) halda því fram að til þess að teljast nám hjá fullorðnum þá þurfi að vera að hægt að merkja einhvers konar löngun þeirra til að öðlast fræðslu, upplýsingar eða færni og ferlið þurfi að innihalda einhvers konar leiðbeiningar eða leiðsögn.

Í reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997 segir að nemendur sem stundi nám í öldungadeild skuli að jafnaði vera orðnir 18 ára þegar þeir hefja námið. Í þessari ritgerð verður miðað við tuttugu ára aldurinn þegar fjallað er um fullorðinsfræðslu og fullorðna námsmenn tengda skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi.

Það er algengur aldur nemenda er þeir ljúka hefðbundnu bóknámi í framhaldsskóla og sá aldur sem inntökuskilyrði á brautina miðast við.

Merriam og Caffarella (1999) segja það geti verið heilmikið átak fyrir fullorðinn námsmann að setjast á skólabekk að nýju, hvort sem það er stutt námskeið eða lengra nám. Hann þarf að yfirstíga hindranir eins og áhrif neikvæðrar fyrri reynslu úr skóla, ótta við að tjá sig fyrir framan aðra, hræðslu varðandi aldur sinn, áhyggjur af kostnaði og tíma, fjölskylduaðstæðum og fleiri hindranir. Sérhver nemandi í hópnum er einstakur og misjafnt hvernig hverjum og einum hentar að læra, áhugasviðin ólík, sömuleiðis reynsla og þekking svo ekki sé minnst á líkamlegt og andlegt atgervi.

Margir skólar bjóða nú tækifæri til sí- og endurmenntunar og er Menntaskólinn í Kópavogi einn þeirra. Innan veggja hans er hægt að velja fjölmargar námsleiðir fyrir fullorðna námsmenn, s.s. Ferðamálaskólann, Leiðsöguskólann og nám á fjármálagreinasviði en innan þess er að finna skrifstofubraut I sem er ætluð þeim sem eru orðnir 20 ára og hafa lokið grunnskólaprófi. Námið á skrifstofubrautinni er mjög hagnýtt tveggja anna nám. Meginmarkmið þess er að veita nemendum

víðtæka en almenna þekkingu í þeim greinum sem nýtast best við vinnu á skrifstofu (Menntaskólinn í Kópavogi, e.d).

Þær rannsóknarspurningar sem verða lagðar til grundvallar rannsókninni eru; ***Hvaða gildi hefur nám á skrifstofubraut I, (staðbundið nám) í Menntaskólanum í Kópavogi haft fyrir nemendur brautarinnar?***

a) Hvað hafði neminn fengist við áður en hann hóf nám á skrifstofubrautinni?

b) Hvað hafði námið í för með sér?

Svör við b liðnum gætu snert eftirfarandi þætti:

- Betri vinna
- Aukið sjálfstraust
- Meiri hamingja
- Bættur efnahagur
- Skilnaður
- Erfiðleikar í hjónabandi eða sambúð
- Aukinn metnaður
- Auknar kröfur til sjálfs síns
- Vinir hverfa
- Nýir vinir

Svör við rannsóknarspurningunum veita niðurstöður sem hægt er að nota síðar við ákvarðanatöku um framtíð brautarinnar, skipulagningu og undirbúning námskeiða.



## 1.1 Markmið og tilgangur rannsóknarinnar

Markmiðið með því að skoða hvaða gildi nám á skrifstofubraut I (staðbundið nám) hefur haft fyrir nemendur er það að geta bætt námið og kennsluna. Rannsóknin kemur Menntaskólanum í Kópavogi sem menntastofnun til góða þar sem niðurstöður hennar varpa ljósi á gæði menntunarinnar á námsbrautinni, og þess starfs sem þar er unnið. Upplýsingarnar sem fást úr rannsókninni geta einnig komið öðrum skólum, sem bjóða samskonar eða svipað nám, að gagni og síðast en ekki síst getur hún haft hvetjandi áhrif á þá einstaklinga sem finna samsvörun við þá sem stundað hafa námið.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvort nám á skrifstofubraut I hefur orðið nemendum hvatning til áframhaldandi náms, hvort það hefur eflt atvinnumöguleika þeirra og hvort það hafi skipt einhverju máli fyrir sjálfsmynd nemans. Rannsókninni er ætlað að gefa niðurstöður sem geta nýst við þróun námsframboðs og starfshátta á skrifstofubrautinni með ávinning væntanlegra þátttakenda í huga.

Ef nemendum líður vel í námi og finnst þeir fá mikið út úr því, segja þeir það öðrum sem jafnvel taka þá það stóra skref að hefja nám að nýju. Þannig fjölgar þeim sem sækja sér sí- og endurmenntun. Zeithaml og Bitner (2000) nefna kosti persónulegrar þjónustu því þegar viðskiptavinur hefur myndað sterk, félagsleg tengsl við fyrirtæki eða starfsmenn þess er hann ólíklegri til að flytja sig yfir til samkeppnisaðila. Ástæðuna fyrir þessu telja þær mikilvægi hins félagslega þáttar í lífi einstaklingsins. Hann finnur fyrir tengslum við fyrirtækið og finnst það vera hluti af lífi sínu og hefur ekki áhuga á að flytja sig annað. Þetta má einnig heimfæra upp á skólustarf. Nemandi tengist kennurum sínum, finnst hann tilheyra í skólanum og vill helst ekki fara í annan skóla.

Þannig getur aðili sem t.d. lýkur námi á skrifstofubraut I hugsanlega fengið löngun og kjark til þess að ljúka t.d. stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Kópavogi. Það má heldur ekki gleyma því að skólar eiga í samkeppni líkt og önnur fyrirtæki á markaði. Með því að vinna úr vitneskju frá ólíkum einstaklingum að aldri og bakgrunni er vonandi einnig hægt að bæta námið og gera það enn notadrygra fyrir væntanlega nemendur.

Í starfi mínu sem fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í Menntaskólanum í Kópavogi fæst ég við að skipuleggja, þróa og stýra námi fyrir fólk sem náð hefur 20 ára aldri. Um er að ræða aðila sem vilja

komast í tiltölulega stutt (eitt ár) hagnýtt, viðskiptatengt nám sem veitir þeim brautargengi út á atvinnumarkaðinn. Ef áhugi er fyrir hendi að loknu tveggja anna námi er hægt að bæta við öðrum tveimur önnum og útskrifast sem rekstrarfulltrúi. Námsgreinar á fyrri önn skrifstofubrautar I eru: viðskiptatengd íslenska, viðskiptaenska, markaðsfræði, stærðfræði, upplýsingatækni og bókhald. Á seinni önninni læra nemendur viðskiptaensku, viðskiptatengda íslensku, verslunarrétt, upplýsingatækni, hefðbundið bókhald og einnig tölvubókhald. Að auki sækja þeir námskeið í tollskýrslugerð, gerð atvinnuumsóknar, framkomu í atvinnuviðtali og vinna að gerð lokaverkefnis.

Mögulegt er einnig að stunda fjarnám á brautinni en þá eru annirnar þrjár og skipting námsgreina með öðrum hætti. Þar sem fjarnám er ekki viðfangsefni þessarar ritgerðar verður hvorki um það fjallað hér né heldur nám á skrifstofubraut I sem ætlað er þeim nemendum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli en vísað er á heimasíðu Menntaskólans í Kópavogi [www.mk.is](http://www.mk.is) til frekari upplýsinga.

## 1.2 Gildi rannsóknarinnar

Til að afla gagna voru tekin viðtöl við brautskráða nemendur, bæði augliti til auglitis og einnig var hringt í þá, sjá kaflann Þátttakendur á bls. 51.

Gildi rannsóknarinnar og styrkur felst aðallega í því að þar koma fram lýsandi svör viðmælanda í staðbundnu viðtölunum við þeirri ákvörðun sinni að setjast á skólabekk að nýju. Hvernig þeim leið á námstímanum, viðhorfum þeirra til námsins og brautarinnar eftir að námi lauk. Þó munurinn á svörum þeirra sem komu í staðbundnu viðtölin og þeirra sem hringt var í hafi ekki verið mjög mikill tel ég samt að hann sé athyglisverður og auki gildi rannsóknarinnar þar sem fleiri sjónarhorn fá að njóta sín.

Hugsanlega er það veikleiki í rannsókninni að rannsakandinn er fagstjóri brautarinnar og hefur kennt sumum viðmælandanna en þeir tóku allir mjög vel í þá beiðni að vera spurðir út í námið á brautinni. Ef til vill getur það líka verið styrkur að rannsakandinn þekkir viðmælendur en McMillan sem gerði rannsókn á nokkuð sambærilegu efni taldi að þeir viðmælendur sem hún hefði ekki þekkt áður hefðu verið óöruggari í viðtölunum en hinir og það hefði komið niður á svörum þeirra þar sem feimni þeirra varð til þess að þeir tjáðu sig ekki eins frjálsglega og hinir sem hún þekkti.

### 1.3 Bygging ritgerðarinnar

Ritgerðin skiptist í átta kafla auk formála og samantektar. Í fyrsta kafla er viðfangsefni rannsóknarinnar reifað, gerð grein fyrir markmiði og tilgangi hennar og fjallað um þá styrkleika og veikleika sem hún hefur, að mati rannsakanda. Í öðrum kafla er stiklað á stóru úr sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi með það fyrir augum að gefa nokkra yfirsýn um þá möguleika sem staðið hafa fullorðnu fólki til náms.

Sömuleiðis er fjallað um lög og reglugerðir auk þess hverjir beri ábyrgð á fræðslu fullorðinna hér á landi. Í kafla þrjú er rætt um fræðilegan bakgrunn á rannsóknarsviðinu, fjallað er um rannsóknina sem höfð er til samanburðar og stuttlega gerð grein fyrir íslenskum rannsóknum á menntun fullorðinna. Rætt er um kenningar um fullorðna námsmenn og hvers vegna þeir fara í nám og hvers vegna ekki. Fjórði kafla snýr að sögu og þróun skrifstofubrautarinnar, utanumhaldi og kennsluháttum á brautinni. Fimmti kafla fjallar um þá aðferðafræði sem beitt er við rannsóknina og framkvæmd hennar og í sjötta kafla er gerð grein fyrir staðbundnum viðtölum og símaviðtölum. Í lokin eru dregnar saman niðurstöður úr viðtölunum og þær bornar saman við niðurstöður úr samanburðarrannsókninni. Sjöundi kafla inniheldur umræður og áttundi kafla lokaorð og hugmyndir að frekari rannsóknum.

## 2 Stuttur útdráttur úr sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi

Mennt er máttur er þekkt orðtak í íslensku máli. Helgi Skúli Kjartansson (2008) segir Íslendinga löngum hafa haft viðhorf sem kenna megi við hefbundna menntaþrá og það sé rótgróið Íslendingum að virða menntamenn, líta á skólagöngu sem lífsgæði og langt bóknám sem eftirsóknarverð hlunnindi fyrir þá sem það gætu stundað.

Það eru þó ekki allir sem hafa tækifæri til að halda áfram eftir að skyldunámi lýkur en verða að hætta eða gera hlé á skólagöngu sinni vegna ýmissa ástæðna. Því er það ómetanlegur kostur fyrir fólk að geta hvenær sem er á lífsleiðinni sótt sér fræðslu við hæfi.

### 2.1 Möguleikar fullorðinna til náms

Þrátt fyrir það að fræðsla ætluð fullorðnu fólki hafi gegnt mikilvægu hlutverki á Íslandi um áratuga skeið hefur umræða um hana í sambandi við þróun í menntamálum ekki átt sér stað fyrir en á síðustu árum. Þó hefur fullorðnu fólki lengi staðið til boða að auka þekkingu sína með óformlegu námi, utan hins opinbera skólakerfis, svo sem í bréfaskólum og námsflokkum.

Jón Jónasson (2001) segir að á síðasta fjórðungi 19. aldar hafi áhugi manna á almennri menntun fullorðinna aukist mjög og alveg sérstaklega á menntun iðnaðarmanna. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hafi sýnt merkilegt frumkvæði, en það mun hafa stofnað til kvöldskóla til alþýðufræðslu árið 1869, sem þó átti erfitt uppdráttar fyrstu árin.

Ágúst Sigurðsson stofnaði Námsflokka Reykjavíkur árið 1939. Fyrir hans tilstilli var komið á fót kvöldskóla fyrir hvern sem vildi læra (Reykjavíkurborg, 2006).

Með stofnun Námsflokka var tónninn gefinn og fleiri sveitarfélög fylgdu á eftir og buðu tækifæri til náms af svipuðum toga.

Bréfaskóli SÍS hóf göngu sína 1. október 1940 og tilgangurinn með stofnun hans var að veita ungum sem öldnum sem höfðu áhuga á að læra tækifæri til náms í frítíma sínum. Síðar eða árið 1965 tók Alþýðusamband Íslands einnig þátt í að reka skólann en seinna varð hann að einkafyrirtæki. Bréfaskóli SÍS og ASÍ var með kennslu í ýmsum námsgreinum árið 1967. Talið var að með námi í honum myndu

möguleikar á því að komast áfram í lífinu aukast og hægt væri að búa sig undir nám við aðra skóla („Hagkvæmt heimanám“, 1967). Þetta ár stóð fullorðnu fólki einnig til boða þátttaka í námi á vegum annarra fræðsluaðila því þá var verkstjórnarnámskeið haldið í fyrsta skipti fyrir verkstjóra sveitarfélaga. Það sem tekið var fyrir á námskeiðinu var gatnagerð, vinnuvélar, steinsteypa, hallamælingar, vinnuteikningar, sprengingar, unglíngavinna, samskipti við íbúa og umgengni á vinnustöðum. Einnig fór fram kennsla í venjulegum kennslugreinum verkstjórnarnámskeiða eins og til dæmis vinnuhagræðingu og verkstjórn.

Árið 1969 hóf Menningar- og fræðslusamband alþýðu (MFA) að taka virkan þátt í fræðslu fullorðinna (Alþýðusamband Íslands, e.d.). meðal annars með tilkomu Félagsmálaskóla alþýðu. Markmiðið var að veita meðlimum stéttarfélaganna fræðslu í ræðumennsku, og funda- og félagsstörfum, styrkja sjálfstraust þeirra, efla þroska og færni til þess að stuðla að auknum lífsgæðum verkafólks. Árið 1961 var Stjórnunarfélag Íslands stofnað (Stjórnunarfélag Íslands, e.d.) og rak tölvuskóla, málaskóla og skrifstofu- og ritarskóla ætlaða fullorðnu fólki um langt árabíl. Félagið var um tíma stærsti fræðsluaðilinn á því sviði en þegar almennt framboð slíks náms jókst seldi félagið starfsemi sína.

Árið 2003 var Mímir-símenntun einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands stofnað en það starfar á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar (Alþýðusamband Íslands, e.d.).

Fleiri hafa verið ötulir við að gefa fólki kost á menntun og má þar nefna rafiðnaðarmenn sem hafa einnig byggt upp og rekið umfangsmikið eftirmenntunarkerfi síðan 1975 (Rafiðnaðarskólinn, e.d.).

Menntamálaráðuneytið (1998) gaf út skýrslu um símenntun árið 1998 og hvernig auka mætti þátttöku Íslendinga í henni. Í skýrslunni kemur fram að miklu máli skiptir að veita þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskóla annað tækifæri til náms. Eftir samninga á almennum markaði lýstu stjórnvöld yfir árið 2001 að þau myndu, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, efla starfsmenntun í atvinnulífinu. Í framhaldi af því var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) stofnuð árið 2002 af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins en hún starfar samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).

Auk þess sem hér hefur verið minnst á má nefna almenna fyrirlestra af ýmsum toga, s.s. fræðslufundi, fræðafélög, leshringi og kvenfélög sem

staðið hafa fyrir fræðslu, sem og ungmennafélög og umhverfisverndarsamtök. Má einnig nefna símenntunarmiðstöðvar, einkaskóla og fagfélög sem einnig höfðu til fullorðinna með margbreytilegum námskeiðum og ýmiss konar tilboðum um menntun til að svara eftirspurn markaðarins.

Alls ekki má gleyma þætti Ríkisútvarpsins sem hefur, í árána rás, átt stóran þátt í fræðslu til fullorðinna með hljóðvarpsútsendingum og síðar einnig með sjónvarpi. Í því sambandi má til dæmis nefna tungumálakennslu.

Síðast en ekki síst skulu hér nefndir háskólarnir en í flestum þeirra eru sérstakar deildir sem reknar eru sem miðstöðvar fyrir símenntun fullorðins fólks.

Upp úr 1970 færast fullorðinsfræðslan í auknum mæli inn í opinbera skólakerfið og er þá átt við öldungadeildir framhaldsskólanna. Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnuð þeirra fyrst, árið 1972 og þótti um byltingarkennda nýjung að ræða. Fleiri framhaldsskólar, sem nú eru um 40 talsins, fylgdu í kjölfarið og hafa gjarnan boðið nám tengt sínu sérsviði. Einn þeirra skóla er Menntaskólinn í Kópavogi, sjá <http://mk.is/> en hann býður öflugt kvöldnám á sviði ferðamála, hótél- og matvælagreina og hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina. Í skólanum er einnig boðið upp á möguleika fyrir fullorðið fólk að stunda nám að deginum til á skrifstofubraut I og II. Skólinn lýtur lögum um framhaldsskóla og tilheyrir ráðuneyti menntamála.

## **2.2 Lagasetning og ábyrgð ráðuneyta**

Lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, eru ekki gömul en þau voru fyrst sett árið 1992 en felld úr gildi fjórum árum síðar, þegar lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 tóku gildi. Í tíunda kafla þeirra laga er að finna þrjár greinar um fullorðinsfræðslu og samkvæmt þeim er framhaldsskólum heimilt að reka bæði kvöldskóla og símenntunarmiðstöðvar sem bjóða nám fyrir fullorðið fólk.

Árið 1997 gaf menntamálaráðuneytið út reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279/1997 sem felur í sér að skapaður skuli rammi utan um rekstrarform öldungadeilda, símenntunar og fullorðinsfræðslu.

Sérstaka faglega umfjöllun er ekki að finna, hvorki í lögum né í reglugerð aðra en þá að kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna

nemendur sé að ræða. Síðan segir í reglugerð menntamálaráðuneytis nr 279/1997: „Í náminu skal gera sömu kunnáttu- og færnikröfur og til nemenda í dagskóla. Námi skal ljúka með sambærilegum prófum og í dagskóla.“

Í 1. gr. laga um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992 er meðal annars hvatt til aukinnar starfsmenntunnar í atvinnulífinu með það að markmiði að stuðla að aukinni framleiðni, bæta gæði vöru og þjónustu og greiða fyrir tækninýjungum og framþróun í íslensku atvinnulífi. Sömuleiðis til að stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni starfsmanna til að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum. Til að auka möguleika og treysta stöðu einstaklingsins á vinnumarkaðinum þarf að gefa honum kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera hann um leið hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni.

Markmið laga nr. 19/1992 er að jafna möguleika fólks á vinnumarkaði og þess fólks sem er tímabundið utan hans til að afla sér starfsmenntunar, einkum þeirra sem notið hafa lítillar eða engrar slíkrar menntunar, með öflugum framboði á grunnmenntun til ákveðinna starfa eða til starfa í tiltekinni atvinnugrein. Mæta þörfum starfshópa, sem missa vinnu vegna breytinga á atvinnuháttum, fyrir endurmenntun og þjálfun til annarra starfa eftir aðstæðum á hverjum tíma. Og gefa fólki kost á að endurnýja fagkunnáttu og viðbótarmenntun á sínu fagsviði.

Hlutverk nýrra framhaldsskólalaga nr. 92/2008 er m.a. að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (2008) segir að baki nýrra laga liggja menntastefna þar sem lögð sé áhersla á nemandann sjálfan.

Sú þekking, færni og kunnátta sem hann afli sér sé lykilatriði í að búa hann undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, atvinnulífi og til að mennta sig alla ævi.

Fræðsla fullorðinna er á ábyrgð margra ráðuneyta á Íslandi. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn menntamála. Landbúnaðarráðuneytið ber ábyrgð á menntun og rannsóknum í landbúnaði. Tveir háskólar, Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri og Háskólinn á Hólum veita menntun á því sviði. Við báða skólana eru reknar símenntunarstöðvar sem bjóða fjölbreytt nám fyrir fullorðna í landbúnaði, garðyrkju, ferðaþjónustu, umhverfismálum og fleiri greinum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ber ábyrgð á fullorðinsfræðslu tengdri fiskvinnslu. Starfsfræðsla í atvinnulífinu og menntun atvinnulausra er á hendi félagsmálaráðuneytisins.

Flestar starfsstéttir á Íslandi hafa aðgang að starfsmenntasjóði og í samningaviðræðum árið 2000 urðu nokkur af fjölmennustu stéttarfélagunum ásátt um að stofna sérstaka starfsmenntunarsjóði. Starfsafl, Landsmennt, Sjómennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks eru dæmi um slíka sjóði. Í 2. gr samþykktu þess síðastnefnda, þ.e. Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks frá árinu 2008 segir að markmiðið sé að styðja menntun ófaglærðs starfsfólks ásamt því að stuðla að auknu framboði náms og námsefnis sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Það er nú útbreidd skoðun að fræðsla tilheyri ekki lengur tilteknu aldurs skeiði og það sé bæði eðlilegt og nauðsynlegt að fólk mennti sig allt lífið. Þetta viðhorf er einnig ríkjandi hér á landi og einstaklingar, fyrirtæki og hið opinbera leggja sig fram við að endurnýja menntun sem flestra (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001a).

Í gegnum tíðina hafa möguleikar fullorðinna til að afla sér þekkingar aukist smátt og smátt og námið meira nemendamiðað en áður. Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir (2007) svara spurningu sinni um hvort það sé símenntunarþjóf félag á Íslandi bæði játandi og neitandi. Játandi vegna þess að á Íslandi sækir fólk í skóla löngu eftir að skólakerfið geri ráð fyrir því og haldi síðan áfram að bæta við sig formlegu og óformlegu námi. Talað sé um að 21. öldin einkennist af símenntun og Íslendingar séu þar í fremstu röð.

Hér á undan hefur aðeins verið stiklað á mjög stóru úr sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi með það fyrir augum að sýna að töluverðir möguleikar hafa verið fyrir fullorðna að sækja sér fræðslu. Þó hefur umræðan um nám allt lífið ekki orðið hávær fyrr en hin síðustu ár samfara kröfum nútímans um meiri þekkingu og um leið hefur rannsóknnum fjölgað á þessu sviði.

### **2.3 Stuttur útdráttur úr sögu fullorðinsfræðslu á Íslandi**

Sú rannsókn sem valin var til samanburðar á minni rannsókn er bandarísk og unnin af Fay C. McMillan árið 2003. Þó nokkrar rannsóknir á menntun fullorðinna hafa verið gerðar hér á landi síðustu ár, þær hafa beinst að ákveðnum hópum en líka að fullorðinsfræðslu og símenntun



almennt. Hér verður aðeins stiklað á stóru um þær með það fyrir augum að varpa ljósi á þau verk sem unnin hafa verið á þessu sviði. Einnig verður fjallað um nokkrar kenningar um fullorðna námsmenn og að leitast við skýra það sem einkennir þá.

## 2.4 Fyrri rannsóknir á sviðinu

Eins og áður hefur komið fram var sú rannsókn sem höfð er til samanburðar við rannsókn mína unnin af Fay C. McMillan (2003) og ber hún heitið *A Qualitative Study of Adult Women in a Northeast Tennessee Community College*. Ástæðan fyrir valinu var sú að rannsókn McMillan snýr einnig að konum sem snúið hafa aftur til náms og eru á svipuðum aldri og þær á skrifstofubrautinni í Menntaskólanum í Kópavogi. Tilgangurinn með henni var að veita viðkomandi skóla vitneskju um hvað hvetti konur á aldrinum 23 – 50 ára til þess að setjast á skólabekk að nýju og hvað væri einkennandi við að hefja námið. Þáttakendur voru 30 konur sem voru valdar úr stærðfræði- og enskubekkjum Northeast Tennessee Community College. Í stuttu máli voru niðurstöður þær að ástæður tengdar atvinnu urðu til þess að konurnar hófu námið og þær ástæður voru einnig helst viðurkenndar eða samþykktar af fjölskyldu og vinum. Sömuleiðis nefndu konurnar löngun til að bæta við sig þekkingu, það að geta veitt börnum sínum meira og von um að fá betur launaða vinnu sem ástæður þess að skrefið var stigið.

Nemendur voru einbeittir í að ná takmarki sín og margar kvennanna áttu jákvæðar minningar um fyrri skólagöngu. Flestar þeirra áttu þó fjölskyldu sem var áhugalítill um frekari menntun og oft var skoðun fjölskyldumeðlima á því að konan sækti sér fræðslu tvíbent. Þar kom til að þeir óttuðust að konan hefði minni tíma fyrir þá en voru um leið nokkuð stoltir af framtaki hennar.

McMillan flokkaði svörin sem hún fékk í þrjá meginflokka: *Hvatningu, einkenni og vísbendingar fyrir skólann*. Rannsóknin er eigindleg og allir nemendur voru spurðir sömu opnu spurninganna, svörin voru flokkuð og dregin út þemu. McMillan valdi þetta rannsóknarsnið með það í huga að það veitti henni tækifæri til þess að spyrja dýpra og um þá undirliggjandi þætti sem snúa að viðmælandanum. Til dæmis fá frekari upplýsingar um fjölskylduna s.s. skólagöngu annarra fjölskyldumeðlima og til að komast að hugsanlegum hindrunum sem nemandinn verður fyrir við að snúa aftur í skóla.

McMillan þekkti 25 nemendur áður og öll viðtölin fóru fram á skrifstofu hennar í skólanum. Hún segir að nokkuð hafi borið á því að þeir fimm nemendur sem hún þekkti ekki áður hafi verið dálítið taugaóstyrkir í upphafi viðtalsins. Með leyfi þátttakenda voru viðtölin tekin upp á segulband en þeir voru fullvissaðir um að ekki yrði hægt að rekja svörin eftir að þeir hefðu samþykkt að rétt væri eftir þeim haft. Tveir nemendur voru valdir af handahófi til þess að forprófa spurningarnar sem voru opnar og viðtölin voru hálfskipulögð.

### **Rannsóknarspurningar McMillan:**

1. Hvað varð til þess að sannfæra kvenkyns nemendur á aldrinum 23- 50 ára um að snúa aftur í skóla?
2. Hvaða einkenni bera eldri (óhefðbundnir) nemendur?
3. Hvernig getur framhaldsskólinn þjónað þessum nemendum betur?
4. Til þess að fá sem best svör við rannsóknarspurningum sínum spurði McMillan fleiri spurninga:
5. Hvers vegna viðmælandinn hefði snúið aftur í skóla.
6. Hvort það hefði verið ein eða fleiri ástæður sem urðu til þess að nemandinn ákvað að fara aftur í nám.
7. Hvort ákvörðunin hefði verið erfið eða létt.
8. Hvernig fyrstu vikurnar hefðu haft áhrif á ákvörðunartöku um að halda áfram.
9. Hvort það hefði verið einhver sérstök aðferð eða persóna sem hefði verið sérlega hjálpleg.
10. Hvort einhver fjölskyldumeðlimur hefði látið í ljós andúð eða veitt nemandanum stuðning við að ná markmiðum sínum.
11. Hvort markmið viðkomandi hefðu breyst meðan á skólagöngu stóð.

12. Hvort viðmælandi væri í vinnu og hvort vinnuveitandinn styddi hann á einhvern hátt?
13. Hvort eitthvað sérstakt hefði orðið til þess að nemandinn væri staðráðinn í að ljúka námi? Hvort einhver breyting á stundatöflu gæti komið honum til góða.
14. Hvort nemandinn hvetti aðar konur á sama aldri til að fara aftur í skóla eða ekki.

Að lokum var þátttakandinn beðinn um að segja eitt orð eða setningu sem gæti lýst tilfinningum hans tengdum því að snúa aftur í skóla.

McMillan gerði einnig óformlega vettvangskönnun og ræddi við námsráðgjafa, fagstjóra og kennara um reynslu þeirra af því að kenna eldri nemendum.

Hún komst að því að atvinnutengdar ástæður urðu helst til þess að konunar drifu sig aftur í skóla og þessar ástæður voru þær sem fjölskylda og vinir sættu sig helst við. Allar konurnar þráðu góða vinnu og atvinnuöryggi. Löngunin til sjálfseflingar vó einnig þungt á metunum. Margar einstæðar mæður vildu geta veitt börnunum sínum meira og töldu að frekari menntun væri eina leiðin til að fá betur launaða vinnu. Stærsti hluti nemendanna hafði verið í framhaldsskóla áður og átti jákvæðar minningar þaðan, ástæður þess að þeir höfðu hætt námi voru utanaðkomandi aðstæður en ekki endilega námsörðugleikar. Stundum var um að ræða lítinn námsáhuga nemendanna sjálfra og jafnvel að þeir hefðu ekki verið nægilega þroskaðir á árum áður. Flestir áttu fjölskyldur sem höfðu lítinn áhuga á framhaldsmenntun og það kom einnig fyrir að viðbrögð þessara fjölskyldna, til þess að viðkomandi sækti sér frekari menntun, voru tvíbent. Viðmælendur McMillan sögðu að aðrir nemendur í bekknum hefðu haft mikil áhrif á að þeir ákváðu að halda áfram námi og einnig að viðmót kennara hefði þar skipt mjög miklu máli. Það kom fram að aðeins einn nemandi af 30 nefndi að fórn fjölskyldunnar hefði orðið til þess að hann hélt áfram. Flestir þátttakenda voru í viðskipta- eða heilbrigðistengdu námi og reynsla þeirra af skólanum og náminu var jákvæð.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við fullorðna námsmenn hér á landi en hér verður aðeins minnst á nokkrar og má í því sambandi nefna verk þeirra Jóns Torfa Jónassonar og Jóhönnu Rósu

Arnardóttur um símenntun og fræðslu fullorðinna á Íslandi. Rannsóknin snýr að fræðslu fullorðinna og þeirra aðila sem þar koma að máli, það er stjórnvalda og helstu fræðsluaðila. Einnig gerðu þau Jón Torfi og Jóhanna Rósa rannsókn á þátttöku Íslendinga í fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Gerðar hafa verið tvær sérstakar rannsóknir á grundvelli gagna úr síðarnefndu rannsókninni og er þar um að ræða rannsókn sem gerð var á símenntun í atvinnulífinu og símenntun í ljósi fyrri skólagöngu. (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, e.d.).

Svanfríður Inga Jónasdóttir (2005) gerði rannsókn á námsáhuga fólks með litla formlega menntun og Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir (2008) rannsakaði líðan og reynslu fullorðinna kvenna með litla formlega menntun sem hefja nám að nýju.

Fræðimenn hafa löngum talið fullorðna námsmenn ólíka þeim sem yngri eru, því er gagnlegt að skoða hvað þeir segja um eðli þeirra fullorðnu með það í huga að geta betur komið til móts við þarfir nemenda.

## **2.5 Kenningar um nám fullorðinna námsmanna**

Wilhelmsen o.fl. (1998) segja að hugtakið félagsleg hugsmíðahyggja (e. social constructivism) hafi þróast út frá kenningum Piaget um hugsmíðahyggju (e. constructivism) og vísindalegum rannsóknum á því (um 1970) hvernig félagsleg samskipti höfðu áhrif á vitsmunabroska einstaklingsins. Niðurstaðan var að við ákveðnar kringumstæður höfðu félagsleg samskipti jákvæð áhrif á einstaklingsárangur. Talið er að nemandinn tengi þekkingu við þann reynsluheim sem hann þekkir og noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu í nýja þekkingu. Virkja þarf nemendur í námi sínu og veita þeim tækifæri til að vinna lausnarmiðaða verkefnavinnu í samvinnu við aðra eða eina.

Námsumhverfi í anda félagslegrar hugsmíðahyggju stuðlar að virkri uppbyggingu þekkingar hjá hverjum nemanda. Þó þekkingin sem verður til við nám sé einstaklingsbundin er litið svo á að hún verði til í félagslegu samhengi sem er hluti af þeim heimi sem einstaklingurinn tilheyrir (Jonassen o.fl. 1993). Þetta er einmitt eitt þeirra atriða sem talið er að einkenni fullorðinn námsmann þ.e.a.s. að hann tengi nýja vitneskju við reynsluheim sinn.

Margir fræðimenn komu að hugsmíðahyggjunni svo sem John Dewey, Jerome Bruner, Seymour Papert og Lev Vygotsky svo einhverjir séu

nefndir. John Dewey (1933) sem stofnaði skóla sem nefndur var Dewey – skólinn. Áherslur skólans beindust að áhuga, virkri reynslu, eigin athugunum og könnunum nemenda. Kennarinn væri leiðbeinandi og leiðtogi en ekki predikari. Jerome Bruner (1966) sagði að í námi sínu leituðu nemendur eftir upplýsingum, settu fram tilgátur og ákvarðanir þeirra væru byggðar á nýfenginni reynslu sem þeir legðu við þá þekkingu og reynslu sem þeir byggju yfir. Seymour Papert (1998) benti á mismun þess að afla upplýsinga og þess að vinna úr þeim. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að umbreyta upplýsingum í þekkingu með því að framkvæma. Vygotsky (1978) benti á mikilvægi félagslegra samskipta í uppbyggingu þekkingar og skilnings. Hann útskýrir nám sem félagslegt samspil einstaklings, umhverfis og menningar.

Margt hefur verið skrifað um áhrif hugsmíðahyggju á nám og skólastarf. Félagsslegrar hugsmíðahyggju er getið hér þar sem starfið á skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi ber nokkurn keim af henni, sjá kaflann Leiðbeinandinn - kennsluhættir á brautinni.

Malcom S. Knowles hefur stundum verið nefndur faðir fullorðinsfræðslunnar þar sem hann er sá einstaklingur sem lagði einna mest af mörkum við að benda á sérstöðu fullorðinna námsmanna. Sjálfstýrt nám (e. self-directed learning). og óformlegt nám (e. informal education) fullorðinna voru þau svið fullorðinsfræðslunnar sem hann lagði höfuðáherslu á.

Knowles festi hugtakið *andragogy* í sessi þrátt fyrir það að hann væri ekki sá fyrsti til að nota það. Knowles, Holton og Swanson (1998) benda á að það hafi gert þýskur fræðimaður að nafni Alexander Kapp árið 1833. Reischmann (2004) segir að Kapp hafi ekki útskýrt hugtakið *andragogy* og það sé ekki ljóst hvort hann fann það upp eða fékk það einhvers staðar frá. Hann hafi notað hugtakið yfir þörf fullorðinna til hagkvæms náms. Það er miðað við kennslu fullorðinna þar sem þeir vilja taka meiri ábyrgð á ákvörðunum varðandi námið og tengja það við reynsluheim sinn. Hugtakið náði þó ekki fótfestu í fyrstu heldur féll í gleymiskunnar dá þar til því skaut aftur upp í enskri notkun Lindeman. Knowles o.fl. (1998) fjalla um Lindeman sem merkan kenningasmið í fullorðinskennslufræðum og að hann hafi sett fram lykilhugmyndir um fullorðna nemendur. Hugmyndir hans fela meðal annars í sér að fullorðnir vilji tengja lærdóminn við eigið líf, þeir vilji læra þegar þeir finni þörf til þess, eigin reynsla sé sú uppspretta sem þeir leiti í. Þeir hafi enn fremur

mikla þörf fyrir að hafa möguleika til að stýra námi sínu sjálfir. Frá Lindeman barst hugtakið andragogy til Frakklands, Júgóslavíu og Hollands. Knowles skilgreindi það sem notkun kerfis hugmynda um nálgun náms og kennslu við nám og kennslu fullorðinna – kennslufræðilegt módel. Hann taldi fullorðna vilja sjá tilgang með náminu og þeir vilji sjálfir bera ábyrgð á ákvörðunum varðandi námið og líf sitt. Fullorðnir vilji tengja námið við það sem hjálpar þeim til að takast á við vandamál í lífinu, þeir kjósi að miða nám sitt við eigið lífshlaup og að hvatinn til náms komi frekar innan en utan frá. Knowles o.fl. (1998) lýsa aðkomu klínískra sálfræðinga að rannsóknum á fullorðnum námsmönnum og má þar nefna Erik Erikson, Abraham Maslow og Carl Rogers.

Erikson (1974) skipti lífshlaupi mannsins niður í átta skeið þar sem þrjú síðustu tengjast fullorðinsaldrinum. Maslow (1970) lagði áherslu á öryggi og Rogers (1969) setti fram hugmyndir um það hvernig hinn fullorðni nálgast nám sitt. Hugmyndir sínar byggði hann á fimm grundvallar tilgátum. Sú fyrsta var að ekki sé beinlínis hægt að kenna annarri manneskju heldur aðeins stuðla að því að hún læri.

Knowles o.fl. (1998) segja að þroskasálfræðingar hafi rannsakað þætti fullorðinsfræðslu og að þeir hefi bent á aldurstengd einkenni svo sem líkamlega og andlega getu fólks, áhugasvið, afstöðu, sköpunargáfu og lífsstíl. Félagsfræðingar hafi bætt við þekkingu sinni á hópum og hegðun innan vissra þjóðfélagshópa sem gat t.d. orðið til þess að létta eða hindra nám.

Smátt og smátt skýrðist myndin af fullorðna nemanum, hvernig hann meðtekur nýja þekkingu, ógnunum hans og styrkleikum. Forsendur fyrir nálgun Knowles til fullorðinsfræðslu eru eftirfarandi:

Þörf fyrir að vita. Í upphafi námsins verða fullorðnir námsmenn að fá að vita af hverju þeir þurfa að læra ákveðin atriði/þætti.

Sjálfsmynd námsmannsins. Fullorðnir námsmenn hafa þá sjálfsmynd að þeir beri ábyrgð á eigin ákvörðunum, lífi og þar af leiðandi eigin námi.

Mikilvægi reynslunnar. Fullorðnir námsmenn koma með mikla þekkingu og reynslu.

Viljinn til að læra. Fullorðnir námsmenn eru tilbúnir til að læra það sem þeir telja sig þurfa til þess að takast á við aðstæður sínar og líf sitt.

Afstaða til náms. Í stað þess að miða námið við námsefnið eins og börn gera, miða fullorðnir námið við lífið sjálft og læra mest þegar hægt er að beita þekkingunni á vandamál sem koma upp í daglegu lífi.

Hvati til náms. Oft er það svo að fullorðnir láta stýrast af ytri hvötum við val á námi, svo sem von um betri vinnu, hærri laun, stöðuhækkun eða þess háttar. Þó er innri hvatinn mikilvægari, þ.e. þörfin fyrir meiri ánægju í starfi, sjálfsvirðingu og aukin lífsgæði (Knowles o.fl., 1998).

Eftir að hugtakið andragogy náði að festast í sessi og hljóta viðurkenningu, á seinni hluta sjöunda áratugarins, hafa margir komið að því að móta heildarkenningar fullorðinsfræðslunnar. Mikið hefur verið ritað um andragogy og hugtakið tengt við hinar ýmsu námstegundir til að mynda formlegt, óformlegt og formlaust nám og þjálfun. Fræðimenn hafa til dæmis velt því fyrir sér hvort hægt sé að skilgreina hvers konar einstaklingar það eru, sem sækja fullorðinsfræðslu. Hvað verður til þess að fólk sækir í nám og þá hvenær og hvers vegna? Einnig hverjir gera það ekki og þá hvaða ástæður liggja þar að baki?

Einni spurningunni, sem viðmælendur mínir fá, er ætlað að taka á þessum þætti með það fyrir augum að svörin geti auðveldað stjórnendum brautarinnar að ná til þeirra sem líklegir eru til að hafa áhuga á náminu, t.d. með viðeigandi auglýsingum.

Cross (1981) og Merriam og Caffarella (1999) skýra frá rannsókn Cyril O. Houle frá 1961 sem leitaði að sameiginlegum þáttum er einkenna mættu fullorðna námsmenn og tók í því sambandi viðtöl við áhugasama nemendur.

Hann komst að þeirri niðurstöðu að skipta mætti fullorðnum námsmönnum upp í þrjá hópa:

Markmiðsmiðaði námsmaðurinn. Hann fer í nám til þess að ná þeim markmiðum sem hann hefur sett sér, til dæmis að vera fær um að tala fyrir framan hóp. Hann einskorðar sig ekki við eina menntastofnun heldur sækir þangað sem hentar markmiðum hans.

Félagslyndi námsmaðurinn sækist frekar eftir félagsskapnum heldur en að ná einhverjum ákveðnum færniþætti. Hann fer á námskeið eða tekur þátt í félagsstarfi, til dæmis, til að forðast einmanaleika, ef til vill til að flýja erfiðar heimilisaðstæður eða jafnvel til að finna maka.

Lærdómsmiðaði námsmaðurinn sækir í námið vegna þess fróðleiks sem það veitir honum. Hann virðist hafa löngun til að læra og þroskast í gegnum námið. Þátttaka hans er stöðug og getur varað allt lífið.

Houle heldur því fram að þessi skipting sé ekki afgerandi eða lýsingin fullkomin og bendir á að skörun sé á milli hópanna. Þá fullyrðingu styður Tough, sem einnig notaði viðtöl í rannsóknum sínum (Cross 1981) og reyndi að komast að því hvað hvetur fólk til sjálfstýrðs náms (e. self-directed learning).

Viðmælendur hans nefndu fleiri en eina ástæðu fyrir námi sínu, t.d. að þeir vildu öðlast ákveðna þekkingu eða færni. Þeir væru forvitnir eða þeir hefðu einfaldlega gaman af því að læra og bæta við sig fróðleik.

Knowles (1975) skilgreindi sjálfstýrt nám sem ferli þar sem einstaklingurinn tekur frumkvæði í að greina námsþarfir sínar, setur sér námsmarkmið, gerir sér grein fyrir þeim björgum sem þarf til námsins, velur og notar viðeigandi námsaðferðir og metur niðurstöðurnar. Hann hélt því fram að námsmenn sem tækju frumkvæði í námi (e. proactive learners) lærðu fleira og betur en þeir hlutlausu (e. reactive learners) sem biðu eftir að verða kennt. Þeir fyrrnefndu lærðu af meiri ákveðni og eldmóði. Þeir gætu einnig nýtt sér betur og lengur það sem þeir hefðu lært heldur en þeir sem hefðu látið kennarann um allt frumkvæði. Í öðru lagi nefnir hann að sjálfstýrt nám sé meira í takt við eðlilegan þroska manneskjunnar þar sem eðlilegt skref í þroskaferlinu sé að taka aukna ábyrgð og stjórn á eigin lífi.

Brookfield (1994) dregur í efa þá kosti sjálfstýrðs náms sem Knowles dregur fram og segir að það sem máli skipti sé eðli einstaklingsins, hvernig hann ákveði hvað sé mikilvægt fyrir sig að vita og gera, en það sé spurning um menningu. Sjálfíð sé ekki óháð menningarlegum áhrifum. Það hafi ekki myndast fullskapað heldur tekið á sig mynd, þroskað gildismat sitt og gert sér grein fyrir þörfum sínum vegna áhrifa frá umhverfinu og menningunni.

Sem gagnrýni á þá fullyrðingu Knowles að sjálfstýrt nám sé í takt við eðlilegan þroska einstaklingsins segir Brookfield (1986) að reynslan sýni að sjálfstjórn í námi sé ekki sannanlegur fylgifiskur þess að vera fullorðinn. Margir teljist samkvæmt árafjölda vera fullorðnir en sýni greinilega lítil merki sjálfstjórnunar á mörgum sviðum í lífi sínu.

Hann segir ennfremur að það hvernig fullorðið fólk tileinki sér nýja hluti sé svo einstaklingsbundið að það sé ekki hægt að setja fram neina



algilda staðhæfingu um fullorðna sem námsmenn. Aðferðir og námstileinkun séu breytileg og fari eftir lífeðlisfræðilegum einkennum, menningu og persónuleika hvers og eins. Þar af leiðandi hafi alhæfingar um hvernig fullorðnir læra mjög lítið forspárgildi.

Brookfield (1986) nefnir sex þætti sem hafa beri í huga við nám fullorðinna. Hann segir að:

Fullorðnir fari í nám af eigin vilja. Það geti verið að undirliggjandi ástæða sé atvinnumissir, skilnaður eða ástvinamissir en ákvörðunin sé fyrst og síðast þáttakandans sjálfs. Þess vegna sé útilokað að fullorðnir námsmenn séu þvingaðir til náms.

Árangursrík þátttaka nemandans einkennist af virðingu. Ekki líðist að gera, á nokkurn hátt, lítið úr öðrum þátttakendum eða beita líkamlegu eða andlegu ofbeldi.

Nám sé samvinna leiðbeinanda og nemenda með breytilegum áherslum og við ólíkar aðstæður á mismunandi tímum.

Framkvæmd sé þungamiðja árangursríks náms. Virknin þurfi ekki endilega að fela í sér að nemandi standi fyrir framan aðra þátttakendur til að sýna þeim afurðina, heldur rannsaki hann eitthvað eða tengi saman reynsluheima sína.

Nám fullorðinna ýti undir gagnrýna hugsun. Í námi sínu virðist þátttakendur koma til með meta að gildi, viðhorf, hegðun og hugmyndafræði annarra á annan hátt en áður.

Markmiðið með náminu sé að ýta undir að fullorðni námsmaðurinn hafi fulla stjórn á námi sínu. Slíkur námsmaður muni frekar líta á sjálfan sig sem persónu sem sýni frumkvæði og sé fær um að endurskoða persónuleg tengsl sín, atvinnu og félagslegar aðstæður heldur en þann aðila sem lætur stýrast af kringumstæðum sem hann hefur ekki stjórn á.

Merriam og Caffarella (1999) nefna m.a. tvær rannsóknir á því hvernig flokka megi þá sem sækja sér menntun á fullorðinsaldri. Áður hefur verið minnst á rannsókn Houle's frá árinu 1961. Seinni rannsóknin sem getið er um hér, var framkvæmd af Boshier árið 1991 en hann flokkar nemendur í sjö hópa (tveir líkir flokkum Houles): Hæfni í samskiptum, félagsleg tenging, menntunarlegur undirbúningur, fagleg færni, samheldni fjölskyldu, félagsleg örvun og vitsmuna áhugi.

Sá leiðbeinandi sem tekur að sér fræðsluna þarf því að vera tilbúinn til að koma til móts við mismunandi væntingar nemenda með mismunandi nálgun að kennsluefninu.

Samkvæmt rannsókn Johnstone og Rivera (1965) var hlutfall þeirra karla og kvenna sem sóttu fullorðinsfræðslu svipað. Karlinn var þó betur menntaður í fullri vinnu, yngri en meðaltalið og með hærri tekjur, fjölskyldumaður og bjó í þéttbýli. Merriam og Caffarella (1999) telja að þó langt sé síðan þessi rannsókn Johnstone og Rivera var framkvæmd hafi breytingar ekki orðið mjög miklar. Konum sem leita í nám hefur að vísu fjölgað en ennþá er meirihluti þeirra sem sækir sér fræðslu meira menntaður en hinn sem ekki leitar í nám, yngri, með hærri laun, líklegur til að vera hvítur og í fullri vinnu. Þær telja ástæður þess *hvenær* fólk sækir í nám einnig margvíslegar en þó oft tengdar einhverjum umbreytingum í lífi einstaklingsins.

Sem dæmi má taka að starf viðkomandi breytist, menntunarkröfur aukast, honum hefur verið sagt upp, hann kemst á eftirlaun, skilnaður hefur átt sér stað, barneignir eða dauðsfall maka. Allt þetta og fleira, er líklegt að stýra því hvenær fólk drífur sig í nám.

## 2.6 Hvati fullorðinna til náms

Rannsóknir hafa verið gerðar á því *hvers vegna* einstaklingar sækja í nám að nýju. Flestir þátttakendur í rannsókn Johnstone og Rivera (1965) sögðust gera það vegna þess að þeir væru að undirbúa sig undir nýtt starf eða þeir væru með þátttöku sinni að reyna að bæta sig í núverandi starfi. Af rannsókninni má draga þá ályktun að ástæða námsmannsins fyrir þátttöku sé í flestum tilfellum tengd atvinnu en aðrar ástæður, svo sem að þroska sig sem persónu eða fróðleiksfýsn komi einnig til.

Merriam og Caffarella (1999) nefna sex ástæður fyrir þátttöku fólks í fullorðinsfræðslu:

Félagslegar ástæður (e. social relationships). Meginástæðan er að eignast nýja vini eða kynnast aðila af gagnstæðu kyni.

Utanaðkomandi væntingar (e. external expectations). Þátttakendur reyna að koma til móts við væntingar annarra.

Félagsleg velferð (e. social welfare). Löngunin til að aðstoða annað fólk eða gera samfélagslegt gagn verður þess valdandi að viðkomandi sækir nám.

Atvinnutengd styrking (e. professional advancement). Einstaklingurinn vill efla sig í núverandi starfi eða undirbúa sig undir ný verkefni.

Umbreyting (e. escape/stimulation). Ástæðan er sú að persónan vill komast undan núverandi ástandi, svo sem einhverskonar ömurleika, s.s. fátækt eða til að komast út frá heimilinu eða vinnunni.

Námsáhugi (e. cognitive interests). Þessir þátttakendur eru eins og viðmælendur Houle, í náminu áhugans vegna.

Á sama hátt og áhugavert er að gera sér grein fyrir hvað það er sem fær fullorðið fólk til þess að fara í nám er ekki síður mikilvægt að skilja hvað liggur að baki því að það fer ekki.

Fram kemur í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Jóhönnu Rósu Arnardóttur (2001b) að svo virðist sem þeir sem minni menntun hafa fyrir taki síður þátt í námskeiðum eða hvers kyns símenntun. Margt getur komið þar til svo sem aldur, atvinnuöryggi, hvatning á vinnustað. Þau taka sem dæmi, máli sínu til stuðnings, að þátttaka í starfstengdum námskeiðum meðal starfsfólks í byggingariðnaði sé minni en meðal annarra sem hafa lokið verklegu framhaldsskólanámi.

## 2.7 Hindranir

Við skipulagningu fullorðinsfræðslu er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað það er sem hindrar fólk í því að fara í nám. Merriam og Caffarella (1999) segja að þær ástæður sem oftast eru nefndar þegar fólk er spurt hvers vegna það hafi ekki tekið þátt í fullorðinsfræðslu séu peninga- og tímaleysi. Í sama streng taka Johnstone og Rivera (1965), en sem aðrar ástæður nefnir fólk, m.a. áhugaleysi, lítið framboð, fjölskylduástæður, ónægar upplýsingar um námstilboð og annir í vinnu (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir 2001b).

Cross (1981) hélt því fram að hindranirnar skiptust að mestu í þrjá flokka. Þar mætti, í fyrsta lagi nefna aðstæðubundnar hindranir (e. situational barriers), þegar um er að ræða ástæður eins og skort á peningum, tíma og jafnvel barnagæslu. Flestir þátttakenda eru á aldrinum 25 – 45 ára og peningaleysi er algengara en ekki hjá fólki á aldrinum 25 til rúmlega þrítugs. Þetta er aldurshópurinn sem er að koma undir sig fótunum og er jafnvel með ung börn. Einnig getur skortur á samgöngum verið ástæða þess að fólk á í vandræðum með að stunda nám eða jafnvel getur verið að einhvers konar fötlun hafi það í för með sér. Í öðru lagi

væri um að ræða innri hindranir (e. dispositional barriers) sem tengjast sjálfsmynd viðkomandi og geta sömuleiðis haft hamlandi áhrif. Fólkið hefur ekki nægilega mikla trú á eigin getu til að tileinka sér nýja þekkingu eða ráða við nýjar aðstæður. Í þriðja og síðasta lagi væru það stofnanahindranir (e. institutional barriers) sem eru þættir eins og óhentug tímasetning náms, staðsetning og námskostnaður. Segja má að í raun séu ytri hindranir einnig allir þeir starfshættir af hálfu námskeiðshaldara sem koma í veg fyrir eða draga úr þátttöku fullorðinna í námi.

Merriam og Caffarella (1999) nefna sömuleiðis nokkar ástæður sem valda hræðslu við að hefja nám að nýju. Fyrri reynsla úr skóla getur valdið því að viðkomandi treystir sér ekki aftur í nám og lélegt sjálfsmat ræður þar oft töluverðu um. Hún eða hann telur víst að allir aðrir á námskeiðinu eða í náminu séu svo miklu betri en viðkomandi og hann muni opinbera fávisku sína þar. Hann verði sér og jafnvel fjölskyldu sinni til skammar. Viðkomandi er líka hræddur um að hann muni ekki einu sinni skilja hvað kennarinn segir og hinn síðarnefndi verði þá óánægður með hann.

Tjáningarhræðsla getur haft þau áhrif að einstaklingur veigrar sér við að fara í skóla. Neminn er hræddur við að hann þurfi að lesa upphátt eða jafnvel tala fyrir framan hóp af fólki. Þá muni öll athyglin beinast að honum og hann telur sig ekki geta höndlað það. Aldur getur einnig skipt máli og þá þannig að viðkomandi er hræddur um að hann verði hálfgerð viðundur í hópi sér mikið yngra fólks og verði stirðbusalega lengi að ná hlutunum, þó hann sé nokkuð viss um að hann geti á endanum skilið þá. Merriam og Caffarella (1999) segja einnig að um fimmtugt dragi úr þátttöku fólks og eftir sextugt snarfækki þeim sem sækja námskeið eða fari í nám. Tæknin geti fælt frá, það er að segja að fólk er hrætt við að það geti ekki tileinkað sér nýja hluti, t.d. tengda tölvum. Námskostnaður geti einnig orðið til þess að einstaklingar treysti sér ekki til að stunda nám eða fara á námskeið. Í hraða nútímaþjóðfélagsins hefur fólk heldur ekki þann tíma sem til þarf. Merriam og Caffarella (1999) nefna þessi atriði og einnig þau tvö sem oftast eru nefnd þegar spurt er hvað hindri menn og konur í að fara í nám, þ.e. fjölskyldu og álag. Hræðslan við að börnin veikist og viðkomandi standi sig þar af leiðandi ekki í náminu getur orðið það mikil að hann telji að betra sé að sleppa því. Einnig að álagið verði á þann veg að hann vanræki heimilið og láti þannig eigin langanir bitna á fjölskyldunni. Þær benda einnig á að fjölskylduástæður séu oft nefndar sem orsök þess að fólk fari ekki í nám. Má þar nefna stóra fjölskyldu, ung

börn, vanþóknun maka og einnig að stúlkur eigi stundum börn ungar að árum og geti þar af leiðandi ekki haldið áfram í námi (Merriam og Caffarella 1999). Kennslutími getur einnig verið þannig að viðkomandi á erfitt með að stunda nám eða fara á námskeið. Eflaust geta margar aðrar ástæður legið að baki en þær sem hér eru nefndar, svo sem vinnuálag.

Cantor (2001) segir að fullorðnir nemendur fylgist vel með framkomu kennarans, látbragði hans, kennsluaðferðum og jafnvel persónulegum högum. Þeir geti verið viðkvæmir fyrir endurgjöf og svörun kennarans í hópnum og því þurfi hann að gæta þess að vera eins uppbyggjandi og jákvæður og kostur er.

Í þessum kafla var m.a. fjallað um rannsókn Fay C. McMillan (2003) *A Qualitative Study of Adult Women in a Northeast Tennessee Community College*. Rannsókn McMillan snýr að konum sem snúið hafa aftur til náms og eru á líkum aldri og þær á skrifstofubrautinni í Menntaskólanum í Kópavogi. Tilgangurinn með henni var að veita viðkomandi skóla vitneskju um hvað hvetti konur á aldrinum 23 – 50 ára til þess að setjast á skólabekk að nýju og hvað væri einkennandi við að hefja námið. Þáttakendur voru 30 konur sem voru valdar úr stærðfræði- og enskubekkjum Northeast Tennessee Community College.

Einnig var rætt um kenningar Malcolm Knowles sem er nefndur faðir fullorðinsfræðslunnar og festi hugtakið *andragogy* í sessi. Líkan hans felur í sér sex fullyrðingar um eðli fullorðinna námsmanna. Knowles skilgreindi einnig hugtakið sjálfstýrt nám en hann sagði m.a. að einstaklingurinn lærði af meiri áhuga og krafti ef hann sýndi frumkvæði í námi sínu, skipulegði innihald námsins, setti sér námsmarkmiðin og legði sjálfur mat á niðurstöðurnar. Brookfield gagnrýndi þetta og sagði að aldur og þroski færu ekki saman í öllum tilfellum og þar sem nálgun fullorðinna til náms væri svo einstaklingsbundin væri ekki hægt að alhæfa á þennan hátt um fullorðna námsmenn. Í kaflanum var einnig rætt um ástæður þess að fullorðið fólk snýr aftur í nám og hvað sé líklegt til að hindra að það fari aftur í skóla.

Ástæður þess að nemarnir hefja nám að nýju eru flestar af starfstengdum ástæðum eða að þeir vilja standa sig betur í núverandi starfi. Fullorðnir glíma einnig við ýmiss konar hindranir í lífi sínu sem hafa áhrif á nám þeirra. Þessar hindranir geta verið tengdar aðstæðum þeirra í daglegu lífi og þær algengustu eru tími, kostnaður, skyldur, börn og fjölskylda. Fullorðnir einstaklingar taka gjarnan ákvörðun um að fara í

nám þegar þeir standa á krossgötum í lífi sínu, hafa til dæmis misst vinnu eða maka sinn. Í upphafi námsins eru þeir oft óöryggir vegna þess óþekkta og hafa þörf fyrir að vita hvað bíður þeirra. Þannig vilja þeir vita hvers vegna, hvað og hvernig þeir eiga að læra og hvaða tilgang hver námsþáttur hefur fyrir heildarnámið.

Áðurnefndar skilgreiningar falla vel að nemendun á skrifstofubrautinni en tilgangur rannsóknarinnar var eins og áður hefur komið fram að kanna hvort námið á brautinni hefur orðið nemendum hvatning til frekara náms, hvort það hefur aukið atvinnumöguleika þeirra eða styrkt sjálfsmyndina.



### 3 Skrifstofubraut I

Skrifstofubrautin hóf göngu sína árið 1992 og er því 17 ára á þessu ári en ekki hefur verið gerð formleg rannsókn á því hvernig nemendum reidir af eftir veru sína í náminu. Á fyrstu árunum var einungis einn hópur tekinn inn á hverju misseri, nemendur voru yngri en síðar varð og brautin var einkum ætluð þeim sem ekki höfðu fengið nægilega háar einkunnir við lok grunnskóla til að hefja almennt bóklegt nám við skólann. Þeir tóku svokallað fornám og kusu að því loknu gjarnan styttri skólavist en fjögurra ára, almennt bóknám til stúdentsprófs.

Skrifstofubrautin var á þeim tíma tveggja ára braut og kennslugreinar aðrar en nú eru eða: bókfærsla, danska, viðskiptaenska, íslenska, rekstrarhagfræði, símsvörun, skjalavarsla, réttitun, stjórnun, stærðfræði, sölutækni, tjáning, tollskýrslugerð, tölvufræði, vélritun, verslunarréttur og þýska auk þess sem nemendur fóru í starfsþjálfun.

Með tímanum breyttust áherslur, þeir sem stóðu að brautinni og starfsþjálfunaraðilar töldu að nemendur væru helst til ungrir til að vinna á skrifstofu. Reynslan sýndi að viðskiptavinir leituðu frekar til þeirra sem eldri væru en hinna. Í kjölfar þessara upplýsinga var áherslum breytt og hætt að kenna þær námsgreinar sem taldar voru að nýttust ekki beint við vinnu á skrifstofu, einnig var lágmarksaldur hækkaður í 20 ár. Að baki þessa liggja tvær ástæður, annars vegar telja fulltrúar atvinnulífsins að viðskiptavinir leiti frekar til þeirra sem komnir eru yfir tvítugt. Ástæðan er sú að viðskiptavinirnir álíta að yngra fólk hafi ekki nægilega lífsreynslu til að geta leiðbeint, til dæmis í sambandi við fjármál. Hins vegar býður skólinn upp á fjölmargar námsleiðir fyrir ungt fólk sem að öllu jöfnu lýkur hefðbundnu bóknámi um tuttugu ára aldurinn og því góður valkostur að geta boðið þeim sem eldri eru tækifæri til náms.

Á þeim 17 árum sem brautin hefur verið starfrækt hefur hún smám saman tekið á sig þá mynd sem á henni er í dag. Sú breyting hefur annars vegar verið gerð í samráði við þau fyrirtæki sem hafa annast starfsþjálfun og hinsvegar í samvinnu við brautskráða nemendur. Þessir aðilar hafa verið mjög duglegir við að gefa góð ráð og leiðbeiningar og á þá hefur verið hlustað. Í upphafi voru nemendahóparnir smáir í sniðum, nýtt námsframboð á ferð og lítil reynsla komin á hvernig nemendum gengi að fá vinnu eftir námið. Einnig var það stórt skref fyrir einstakling á þrítugsaldri eða eldri að hefja nám í skóla þar sem langflestir nemendur



voru á aldrinum 16 – 20 ára. Með árunum jókst aðsóknin að brautinni hægt og rólega en ástæður þess að fólk var hikandi í upphafi geta verið margvíslegar eins og áður hefur komið fram. Nemendafjöldi hefur verið misjafn milli ára en segja má að meðaltali hafi 20 nemendur útskrifast á hverju ári.

Fullorðnir námsmenn þurfa að hafa möguleika á að fá góðan stuðning frá kennurum og stjórnendum námsins. Sérstaklega í upphafi þegar neminn er að hefja nám jafnvel eftir langa fjarveru frá skóla, á nýjum stað við aðrar aðstæður en voru þegar hann var síðast í námi. Hann getur verið mjög óöruggur um þær venjur og siði sem tíðkast á nýja staðnum t.d. hvað varðar atriði eins og að nýta sér kennsluáætlanir, tilkynna veikindi eða biðja um leyfi. Þeir sem að náminu koma þurfa því að vera meðvitaðir um að það, sem er nánast augljóst yngri og skólavönum nemendum getur vafist mjög fyrir þeim sem eru að snúa aftur í nám.

### **3.1 Utanumhald**

Við innritun á skrifstofubrautina er ekki spurt um fyrri frammistöðu, heldur er væntanlegum nemendum sagt að nú bjóðist þeim nýtt tækifæri til náms. Margir eiga slæmar minningar frá fyrri skólagöngu og kennarateymið kappkostar að endurheimta traust nemandans til skólakerfisins með því að efla hann í sjálfstæðum vinnubrögðum. Einnig er áhersla lögð á mikið utanumhald, að aðstoða hvern og einn við að draga fram styrkleika sína og bæta þannig sjálfsmynd hans bæði námslega og félagslega. Ef um veikindi eða annað er að ræða sem verður til þess að nemendur geta ekki sótt skólann verða þeir að tilkynna það til fagstjóra. Nemendur geta þá í leiðinni rætt um vanda sinn en einnig koma þeir reglulega til hans og ræða mál sín og líðan í sambandi við framgang námsins. Nemendur hafa einnig aðgang að námsráðgjöfum skólans, sem koma inn í hópinn þegar líður að lokum annarinnar, gefa góð ráð og leiðbeiningar um undirbúning fyrir lokaverkefni og hvernig megi draga úr kvíða. Gott utanumhald kennara og þeirra sem að brautinni koma hefur haft sitt að segja varðandi það að brottfall hefur verið lítið á brautinni. Að meðaltali hættir einn nemandi á hverri önn og oftast en ekki eru það fjölskyldutengdar ástæður sem verða til þess að hann hættir en ekki líðan hans í skólanum. Í lok annar er gjarnan framkvæmt svokallað áfangamat þar sem nemendur meta eigin frammistöðu sem og kennarans. Áfangamatið er óviðkomandi öðrum en þeim kennara sem í hlut á og

skólameistara, því er ómögulegt að komast í þau gögn en af kennurum má ráða að almennt séu nemendur ánægðir með nám sitt og dvöl á brautinni. Það er samhljóma við þær upplýsingar sem fram koma í viðtölum við fagstjóra brautarinnar. Þeir kennarar sem kenna á skrifstofubrautinni hafa flestir kennt þar lengi. Í upphafi voru þeir valdir til starfsins vegna þess hve sterkir þeir eru faglega og vegna áhuga síns á fræðslu fullorðinna.

Kennararnir eru því vanir samvinnu og eru í daglegu sambandi við fagstjóra varðandi framvindu námsins hjá nemendum og félagslegt utanumhald þeirra. Í árunna rás hafa þeir flestir sótt sér fræðslu í þessum efnum bæði hér á landi og erlendis og einnig hafa sérfræðingar í fullorðinsfræðslu heimsótt skólann með fyrirlestra og styttri námskeið.

### **3.2 Leiðbeinandinn - kennsluhættir á skrifstofubrautinni**

Að leiðbeina fullorðnu fólki er alls ekki einfalt mál og að mörgu að hyggja fyrir kennarann. Rogers (1989) segir að það sé ekki skylda fyrir fullorðna (námsmenn) að vera í námi og ef það sé óþægilegt eða falli þeim ekki í geð geti þeir einfaldlega hætt að mæta. Í sambandi við kennslu fullorðinna sé gott að hafa í huga að viðskiptavinurinn, ekki viðfangsefnið, sé í fyrsta sæti, hafi alltaf rétt fyrir sér og í þessu tilfalli sé viðskiptavinurinn námsmaðurinn.

Að mínu mati má deila um það hvort viðskiptavinurinn hafi alltaf rétt fyrir sér en ekki má gleyma því hverra þörfum námið á að þjóna. Það gildir ekki síður um fullorðna námsmenn en aðra nemendur að sá sem leiðbeinir þarf að gæta þess að hafa ekki fordóma í þeirra garð og ekki láta í ljósi undrun sína á því að nemandinn kunni ekki skil á því sem honum finnst liggja í augum uppi. Daines, Daines og Graham (1993) segja að það sé heillavænlegast að þeir sem taki að sér fræðslu fullorðinna hafi trú á því að breytingar og framfarir séu öllum mögulegar og skilji að hlutverk þeirra sé að aðstoða sérhvern námsmann til að ná þeim fram. Hsiao (1999) nefnir að aðalviðfangsefni kennarans sé að styðja nemendur, hvetja þá og leiðbeina til að hafa stjórn á námi sínu. Það geti hann gert með því að vekja athygli þeirra á námsferlinu í heild og tengja vinnubrögð við árangur.

Nemendum sé skapað gott námsumhverfi og andrúmsloft þar sem umræður og skoðanaskipti eru eðlilegur hluti af náminu. Mikilvægt er að kennarinn velji verkefni sem eru í samhengi og samræmi við raunveruleg viðfangsefni sem unnið er að í atvinnulífinu. Verkefnavinna, sem krefst

sjálfstæðra skapandi verkefna og nemendur vinna að í sameiningu, er vel til þess fallin að ná fram virkri þátttöku. Jonassen o.fl. (1993), benda á að hlutverk kennarans sé að vera frekar leiðbeinandi en fræðandi. Hann eigi að styðja nemendur á faglegan hátt við að tileinka sér nýja þekkingu með því að leiðbeina þeim og spyrja þá spurninga sem vekja til umhugsunar, hvetja til gagnrýnnar hugsunar og áframhaldandi rannsókna á námsefninu. Leiðbeinandinn þurfi einnig að taka tillit til þeirrar þekkingar sem fullorðinn nemandi ber með sér vegna þess að hann tengir nýja þekkingu við þá sem fyrir er og samkvæmt því vinnur hann úr fenginni vitneskju.

Segja má að starfið á skrifstofubrautinni í Menntaskólanum í Kópavogi sé undir áhrifum af félagslegri hugsmíðahyggju. Þuríður Jóhannsdóttir (e.d.) segir að hugsmíðahyggjan leggi áherslu á virka þátttöku nemandans. Námið verði að skipuleggja þannig að gert sé ráð fyrir virkri þátttöku hans í uppbyggingu þekkingar.

Mikilvægur liður í því að svo verði er að námsmaðurinn hafi áhuga á viðfangsefninu og sjái tilgang í að læra það sem til þarf til að leysa verkefnið.

Verkefnavinna í anda sjálfstæðra skapandi verkefna þar sem nemendur vinna saman og ráða miklu um val verkefna og útfærslu er vel til þess fallin að stuðla að virkri þátttöku.

Kennsluaferðir, eins og Ingvar Sigurgeirsson (1999) flokkar þær, falla, að mínu mati vel að hugmyndinni um félagslega hugsmíðahyggju og þeim er mörgum hverjum beitt á skrifstofubrautinni, sem dæmi má taka:

**Leitaraðferðir:** Nemendur taka þátt, skipuleggja, brjóta heilann, sýna áhuga og sýna öguð og fjölbreytt vinnubrögð. Þessi aðferð er t.d. notuð í námsgreinum eins og markaðsfræði, lokaverkefni, ensku og tjáningu.

**Þrautalausnir:** Nemendur taka þátt, ræða saman og velta fyrir sér lausnum. Þessi aðferð er t.d. notuð af leiðbeinendum í stærðfræði, bókhaldi og lokaverkefni. **Umræðu- og spurnaraðferð:** Nemendur taka þátt, sýna áhuga, hlusta á aðra og ræða saman. Hér koma til námsgreinar svo sem íslenska, enska, markaðsfræði, lokaverkefni, og tjáning.

**Innlifunaraðferðir og tjáning:** Þessum aðferðum er t.d. beitt í ensku, íslensku, tjáningu, markaðsfræði og lokaverkefni.

**Hópvinnubrögð:** Nemendur beita þessari aðferð á einhverjum tímápunkti í flestum námsgreinum. **Sjálfstæð skapandi verkefni:** Þessari

aðferð er t.d. beitt í upplýsingatækni, tjáningu, markaðsfræði, ensku og íslensku.

Þær kennsluáðferðir sem áður voru nefndar hvetja allar til skapandi samskipta og voru valdar með það í huga að hvetja nemendur til að taka virkan þátt í náminu og vekja með þeim áhuga og ábyrgð á námsframvindu sinni. Þetta er einnig einn liður í að búa nemendur sem best undir frekara nám eða þátttöku í atvinnulífinu síðar meir.

Brundage og Mackeracher (1980) segja að þeir nemendur sem hafi jákvæða sjálfsmynd séu líklegri til að standa sig betur bæði í námi og í félagslegum hlutverkum sínum. Námsumhverfi sem ýtir undir jákvæða sjálfsmynd nemans, hvetur til þekkingarleitar, styður breytingar og virðir leið hans til að ná settum markmiðum er líklegt til að hjálpa til þess að námsmaðurinn taki góðum framförum.

Knowles o.fl. (1998) benda einnig á að leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu þurfi að gera sér grein fyrir hvaðan þekkingin sé sprottin. Þeir þurfi að taka tillit til fortíðar, fyrri þekkingar og reynslu nemenda, sömuleiðis þurfi þeir að hafa í huga mögulegar breytingar á líkamlegu atgervi nemenda sinna, svo sem að með aldrinum versnar sjón og heyrn gjarnan hjá mannfólkinu. Á aldrinum 40 til 59 ára er algengt að fjarsýni aukist og samfara getur sjóninni nokkuð hrakað. Heyrnin daprast líka smá saman, einkum hjá körlum.

Perry (1970) setti fram kenningar um vitsmunabroska fullorðinna sem hann sagði að skiptist í mismunandi stöður. Hann greindi frá hvernig nemendur líta á hlutverk kennarans og sitt eigið eftir því í hvaða stöðu þeir eru. Í lægstu stöðunni líta nemendur á kennara sem yfirvald og hlutverk nemans sé að síja út réttu svörin úr því efni sem lagt er fyrir. Í efstu stöðunni lítur neminn á þekkingu í samhengi hlutanna, leitar eftir tengslum hugmynda og lítur á kennarann frekar sem leiðtoga eða leiðsögumann.

Af þessum dæmum má sjá að það eru margir þættir sem kennarinn hafa þarf í huga og mörg sjónarmið að brúa. Þeir sem standa að skrifstofubrautinni í Menntaskólanum í Kópavogi leggja mikla áherslu á að sinna nemendum vel, vinna traust þeirra og skapa þeim aðstæður til að njóta námsins og veru sinnar í skólanum.



## 4 Aðferðafræði

Í kaflanum sem hér fer á eftir verður fyrst gerð grein fyrir rannsóknarspurningunum, því næst viðmælendum og öflun gagna. Rætt verður um hverjir voru valdir til að taka þátt í rannsókninni og hvers vegna. Fjallað um þær aðferðir og það rannsóknarsnið sem beitt var við rannsóknina, hvernig gögnum var safnað, unnið úr þeim og þau greind. Sömuleiðis verður fjallað um siðferðileg atriði sem snerta rannsóknina, kynningu niðurstaðna og í lokin er gerð grein fyrir þátttakendum í rannsókninni.

### 4.1 Viðmælendur og öflun gagna

Þær spurningar sem leitað var svara við með rannsókninni eru:

*Hvaða gildi hefur staðbundið nám á skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi haft fyrir nemendur brautarinnar?*

- a) Hvað hafði neminn fengist við áður en hann hóf nám á skrifstofubrautinni?
- b) Hvað hafði námið í för með sér?

Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi veitti rannsakanda leyfi sitt til að nota lista yfir nöfn þeirra nemenda á skrifstofubraut I sem brautskráðust á síðastliðnum sex árum. Í framhaldi af því var haft samband við tíu konur úr mismunandi útskriftarhópunum og tekið viðtal við sérhverja þeirra (hér eftir nefnt staðbundið viðtal). Valið á konunum stýrðist af aldri þeirra en reynt var að fá sem breiðasta aldursdreifingu m.a. til þess að skoða hvernig þeim elstu gekk að fá vinnu eftir útskriftina eða hvort þær héldu áfram námi.

Einstaklingarnir voru spurðir eftirfarandi spurninga:

1. Hver er aldur þinn?
2. Hvað ertu að gera núna?
3. Hvað varstu að gera áður en þú hófst námið?
4. Hver var ástæða þess að þú fórst á skrifstofubrautina?

5. Voru aðrir þættir sem höfðu áhrif á að þú hófst skólagöngu að nýju?
6. Var auðvelt eða erfitt að taka ákvörðunina og hvernig gekk að standa við hana?
7. Hver voru viðbrögð fjölskyldu og vina?
8. Hvernig leið þér í fyrstu þegar þú byrjaðir á brautinni?
9. Hvernig var viðmót kennaranna og annarra nemenda?
10. Finnst þér þú hafa haft gagn af námsgreinunum. Ef nei, hverjar nýttust þér ekki?
11. Hvað fórstu að gera eftir að þú laukst náminu?
12. Hafði námið breytingar í för með sér fyrir þig?
13. Myndir þú ráðleggja öðrum að fara í þetta nám? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
14. Hefur þú oft sótt um störf á skrifstofu?

Spurningarnar voru samdar með það í huga að reyna að fá heildarmynd yfir stöðu nemans frá upphafi námsins og þar til nú. Svo virtist að eftir því sem á staðbundna viðtalið leið kæmust nemendur að ákveðinni niðurstöðu, þetta mátti bæði lesa af svipbrigðum þeirra og orðfæri, „ég sé það núna að....“, eða „ég hef ekki þælt í því fyrr að....“.

Einnig var hringt í 40 kvenkyns nemendur (hér eftir nefnt símaviðtal) sem líka höfðu lokið námi undanfarin sex ár. Síamaviðtöl urðu fyrir valinu til þess að freista þess að komast að því hvort fjarlægðin sem síamaviðtalið gefur hefði áhrif á hreinskilni í svörum.

Viðmælendur voru spurðir sömu spurninga og þeir sem komu í staðbundnu viðtölin og í lok viðtalsins voru þeir beðnir um að samþykkja svör sín. Það var gert með því að spyrjandinn tók saman aðalatriði svaranna og spurði hvort hann hefði skilið inntakið rétt.

## 4.2 Aðferðir og rannsóknarsnið

Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð, viðtölum og óformlegri vettvangsathugun. Spradley (1979) segir að í eigindlegum rannsóknum safni rannsakandinn miklum upplýsingum í gagnasöfnunarferlinu. Með greiningu gagna sé átt við að rannsakandinn afmarki þau aðalatriði í gögnunum sem falli að rannsóknarspurningum hans.

Viðtölin flokkast sem hálfskipulögð viðtöl (e. semi – structured interview), leitað var svara við nokkrum meginspurningum en ekki endilega í ákveðinni röð.

Spurt var dýpkandi spurninga og leitað dýptar og blæbrigða í svörum. Þetta er t.d. hægt að gera með því að spyrja nánar út í svör viðmælanda, skv. Hitchcock og Hughes (2001). Einnig voru tekin símaviðtöl þar sem sömu aðalspurninga var spurt. Cicourel (1964) segir að rannsakandinn verði að vera meðvitaður um að greina á milli þess sem raunverulega er sagt í viðtalinu og þess sem hægt er að lesa út úr svörum viðmælandans. Einnig þurfi að gæta þess að hugsanleg áhrif spyrjanda hafi ekki áhrif á niðurstöður samtalsins. Þar sem spyrjandinn hefur ákveðna stöðu í rannsókninni og tengsl við nemendur sem kennari og fagstjóri brautarinnar þurfti hann að gæta þess að vera ekki leiðandi í viðtalinu. Viðmælendur fengu að velja á milli þriggja staða til viðtalsins, spyrjandinn undirbjó viðtalið eins vel og kostur var og reyndi að skapa afslappað andrúmsloft.

Til þess að kanna hvort sú fjarlægð sem símaviðtal getur hugsanlega haft í för með sér hefði áhrif á svör þátttakenda var einnig hringt til brautskráðra nemenda brautarinnar og þeir spurðir sömu spurninga og þeir sem komu í viðtölin.

Spurningarnar sem notaðar voru í viðtalinu voru unnar í samráði við núverandi nemendur á skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi. Með aðkomu þeirra kom í ljós hvaða spurningar eru efstar í huga þeirra varðandi það sem við tekur að námi loknu og gagnast því rannsókninni. Einnig var hugmyndin sú að með því að hafa marga með í ráðum væru minni möguleikar á að gleyma að spyrja um eitthvað sem kæmi rannsókninni til góða. Spurningarnar voru svo forprófaðar á fjórum konum sem brautskráðust af skrifstofubrautinni á sama tíma og þær sem talað var við.



Vettvangsathuganir (e. observations) sem stundum eru kallaðar áhorfsathuganir eru oft stór þáttur í starfi kennarans eða skólastjórnandans, þó ekki sé um beinar rannsóknir að ræða. Punch (1998) talar um skipulagða- og óskipulagða athugun (structured og unstructured observation), þá er sú fyrrnefnda fyrirfram föst í skorðum en hin síðarnefnda lausari í sniðum. Sú vettvangsathugun sem nýtt var við rannsóknina flokkast undir óskipulagða athugun (e. unstructured observation).

Hún byggir á óformlegum viðtölum rannsakanda við nemendur á skrifstofubrautinni, daglegum samvistum við þá, reynslunni sem kennari þeirra og samvistum við kennara þeirra.

Rannsóknarsniðið flokkast undir tilviksathugun (e. case study). Hitchcock og Hughes (2001) skilgreina tilviksathugun á þann veg að rannsóknin beinist að einstaklingi í ákveðnu samhengi á tilteknum tíma og hafi mörk sem hægt er að skilgreina.

Hún einkennist af því að nákvæmar lýsingar og óskipulegar upplýsingar eru felldar í eina heild. Þeir segja einnig að tilviksathugun sé bundin í tíma og rúmi, taki til einstaklinga sem tilheyra ákveðnu samhengi á ákveðnum tilteknum tíma og hafi upphaf og endi. Sömuleiðis nái hún til hóps sem hefur tiltekin einkenni og tengist ákveðinni stofnun og starfsemi hennar. Það sem rennir stoðum undir að hér sé á ferðinni tilviksathugun er að úrtak rannsóknarinnar er hópur af afmörkuðu námssviði, skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi sem stundaði þar nám á ákveðnum tíma. Þessir nemendur tilheyra því ákveðnu samhengi og tengjast ákveðinni stofnun og starfsemi hennar.

Hitchcock og Hughes (2001) telja að hentugt sé að nota tilviksathugun þegar *hvernig* og *hvað* spurningar eru notaðar og einnig að þetta rannsóknarsnið sé heppilegt þegar finna á leið til að framkvæma hluti á annan eða betri hátt. Í viðtölunum voru slík spurnarorð, sem hér voru nefnd, einmitt notuð. Markmiðið með því að skoða hvaða gildi nám á skrifstofubraut I (staðbundið nám) hefur haft fyrir nemendur er það að geta bætt námið og kennsluna enn betur og því varð þetta rannsóknarsnið fyrir valinu.

### 4.3 Úrvinnsla og greining gagna

Sérhvert staðbundið viðtal var tekið upp á segulband og skráð orðrétt niður. Að því loknu var það endurritað þar sem hikorðum var sleppt en

áhersla lögð á efnislegt samhengi. Því næst voru svörin borin undir viðmælanda til umsagnar. Þetta var gert til að reyna að tryggja réttmæti (e. validity) rannsóknarinnar. Þegar búið var að hafa samband við viðmælendur aftur voru viðtölin kóðuð og reynt að draga út mynstur og þemu. Sömuleiðis var reynt að finna sameiginlega þætti úr símaviðtölunum.

Í lok hvers símaviðtals voru meginatriði dregin saman á þann veg að spyrjandi fór yfir innihaldið með spurningunum, „ertu þá að segja að.....?“ „eða skil ég þig þá rétt að þér finnist....?“ Því næst voru viðmælendur spurðir að því hvort rétt hefði verið eftir þeim haft. Tekið var upp á segulband það sem spyrjandi sagði en hann skráði niður svör viðmælandanna. Niðurstöðurnar voru svo skoðaðar í samhengi við þær upplýsingar sem fengust úr staðbundnu viðtölunum og í lokin voru niðurstöður mínar bornar saman við rannsókn McMillan um nokkuð sambærilegt efni.

Hitchcock og Hughes (2001) segja að eigindleg greining gagna feli í sér að koma auga á og flokka þau aðalatriði sem eru mikilvæg fyrir tilgang rannsóknarinnar. Einnig tryggi það réttmæti rannsóknarinnar að beita mismunandi aðferðum við upplýsingaöflun. Þeir nefna nokkrar tegundir réttmætis, en í þessari rannsókn var lögð áhersla á lýsandi réttmæti (e. descriptive validity) sem kveður á um að hve miklu leyti atburður er rétt lýst, t.d. að hvað miklu leyti þau gögn, sem safnað er, gefa sanna mynd af því sem verið er að lýsa. Niðurstöður sem fengust úr rannsókninni voru bornar saman við aðra viðurkennda rannsókn á sama efni en með því fæst viðmiðunarréttmæti (e. criterion validity).

Creswell (2003) segir það að tryggja réttmæti feli m.a. í sér að velja mismunandi aðferðir við öflun gagna, til dæmis með því að nota viðtöl og vettvangsathugun. Gögn sem safnast hafa saman innan rannsóknar eru borin saman við gögn utan hennar, rannsakandinn fer með þau aftur inn á rannsóknarsviðið og athugar stöðu þeirra. Með þessu fá viðmælendur tækifæri til að segja til um hvort rétt hafi verið með farið að hálfu rannsakanda. Þetta er kallað að þríhornamæla (e. triangulation).

Kvale (1996) nefnir hvernig réttmæti snertir sjö stig rannsóknarinnar:

Viðfangsefni. Það skiptir máli fyrir réttmæti rannsóknarinnar hversu traustar fræðilegar forsendur hennar eru.

Rannsóknarsnið. Réttmæti þeirrar þekkingar sem lögð er til grundvallar sem afurð byggir á því sniði og þeim aðferðum sem hæfa viðfangsefni og tilgangi rannsóknarinnar hverju sinni.

Viðtöl. Réttmæti í viðtölum snýr að trúverðugleika í svörum viðmælandans og gæðum viðtalsins sjálfs.

Skráning. Réttmæt yfirfærsla frá talmáli yfir á ritað mál er tengd málfarslegum stíl skráningarinnar.

Greining. Máli skiptir hvort spurningarnar sem notaðar eru í viðtalinu séu réttmætar og hvort túlkun svaranna sé rétt.

Mat. Mat hefur í för með sér íhugun á því hvaða form réttmætis hæfi viðkomandi rannsókn.

Ritgerðin. Hér er spurningin sú hvort gerð hefur verið grein fyrir meginniðurstöðum á réttmætan hátt og sömuleiðis hvort lesandinn meti niðurstöðurnar á réttmætan hátt.

Þessi atriði voru höfð að leiðarljósi í ritgerðinni og einnig var reynt var að tryggja áreiðanleika (e. reliability) eins og frekast var unnt. Silverman (1997) segir að áreiðanleiki feli í sér nákvæmni í athugunum og skráningu. Þannig að það sem skráð er sem gögn endurspeglir það sem raunverulega átti sér stað.

Sigurlína Davíðsdóttir (2003) segir að niðurstöður eigindlegra rannsókna hafi ekki alhæfingargildi fyrir aðrar aðstæður en þær sem skoðaðar séu en þó sé hægt að gera ráð fyrir að niðurstöður yrðu svipaðar á öðrum vettvangi.

Því má t.d. búast við að aðrar konur á líkum aldri og með svipaðan menntunarlegan bakgrunn og viðmælandur mínir fari í nám af sömu hvötum og þátttakendurnir í rannsókn minni og þeir glími við svipaðar hindranir. Þó verður að hafa í huga að rannsóknin er takmörkum háð þar sem námið á skrifstofubrautinni er stutt og eflaust margir aðrir samverkandi þættir sem geta orðið til að konurnar merki breytingar.

#### **4.4 Siðferðileg atriði og kynning niðurstaðna**

Í upphafi, þegar nemendur voru beðnir um að koma í viðtal var þeim sent bréf þar sem skýrt var tekið fram í hverju rannsóknin fólst og að viðkomandi gæti hætt hvenær sem er meðan á henni stóð (upplýst

samþykki). Þátttakendum í símaviðtölum var einnig sagt í upphafi um hvað rannsóknin fjallaði og að þeir gætu hætt við hvenær sem þeir vildu.

Einnig var öllum þátttakendum gert ljóst frá byrjun að þær upplýsingar sem þeir gáfu gætu verið birtar sem niðurstöður. Þá voru væntanlegir viðmælendur einnig upplýstir um að að ekki yrði hægt að rekja svör þeirra, notuð yrðu dulnöfn og að öllum gögnum, svo sem segulbandsupptökum yrði eytt að rannsókn lokinni.

#### **4.5 Þátttakendur**

Viðmælendur í staðbundnum viðtölum voru valdir úr hópi þeirra kvenna sem útskrifuðust á síðustu sex árum af skrifstofubrautinni og tekið var viðtal við sérhvern nemanda. Nöfn þeirra kvenna sem voru beðnar um að koma í staðbundnu viðtölin voru dregin út af aðila sem ekki þekkti til þeirra en samt reynt að fá sem breiðasta aldursdreifingu. Sami háttur var hafður á við að velja þátttakendur í símaviðtölin en þegar byrjað var að hringja kom í ljós að konurnar höfðu töluverð tengsl sín á milli, algengt var að sú sem var í viðtali legði til að hringt væri í tiltekna konu sem hún nefndi.

Þannig leiddi eitt símtal af öðru og fyrr en varði voru konurnar orðnar 40 en þá var talið að úrtakið væri nægilega stórt þar sem þýðið fyrir þau sex ár sem miðað var við er um 120 nemendur. Einungis hefur einn karlmaður brautskráðst á síðastliðnum sex árum en hann býr erlendis og því óhægt um vik að fá hann til að taka þátt í rannsókninni. Ástæða þess að miðað er við áður nefnt tímabil er að þá er ekki um of langt liðið síðan þátttakendur voru í náminu og þeir ættu að hafa vist sína í skólanum í fersku minni. Einnig er auðvelt fyrir þá að rifja upp hvernig gekk að fá vinnu eða hvort þeir sóttu sér frekari menntun. Í þriðja lagi er nokkuð trúlegt að þeir hafi sömu símanúmer nú og þá og því aðgengilegra að ná til þeirra. Úrtakið er því á vissan hátt tengt tilgangi en þó valið af handahófi. Cohen, Manion og Morrison (2000) skilgreina tilgangsmiðað úrtak (e. purposive sampling) á þann hátt að það sé viðeigandi þegar viðmælandi og aðstæður hans eru til þess fallnar að gefa góða yfirsýn og varpa ljósi á það sem rannsaka á. Spurningarnar sem notaðar eru í viðtölunum voru forprófaðar á fjórum brautskráðum nemendum.

Niðurstöðurnar úr staðbundnu viðtölunum voru síðan bornar saman við niðurstöður rannsóknar Fay C. McMillan frá árinu 2003, sem ber nafnið A Qualitative Study of Adult Women in a Northeast Tennessee

Community College. McMillan skoðaði hvað hefði orðið kvenkyns nemendum hvati til þess að snúa aftur í nám og hvort eitthvað væri einkennandi fyrir þá með það fyrir augum að upplýsingarnar gætu nýst viðkomandi framhaldsskóla.

Þátttakendur í staðbundnu viðtölunum voru tíu konur á aldrinum 26 til 54 ára. Þær voru mismunandi í háttum og útliti en allar voru þær tilbúnar til þess að tala um veru sína á brautinni.

Erla Jóna (44 ára) lýsti af sjálfsöryggi, hún var mjög vel til höfð og í fatnaði sem gæti verið dæmigerður fyrir fólk í fjármálafyrirtækjum.

Guðríður (49 ára) var snyrtilega klædd. Hún gaf sér góðan tíma til að íhuga spurningarnar og virtist leggja sig fram við að vanda svör sín.

Jenný (45 ára) var hæglát og róleg. Hún kom vel fyrir en í byrjun var eins og hún væri dálítið óörugg en smátt og smátt losnaði um málbeinið.

Steinunn (31 árs) kom í viðtalið létt og kát í bragði og byrjaði á því að vísa í spaugilegt atvik úr skólalífínu, hún var mjög vel til höfð og vel snyrt.

Sesselja (32 ára) kom aðeins fyrir áætlaðan tíma, hún virtist í góðu jafnvægi og líða vel.

Hjördís (35 ára) hafði hressilegt yfirbragð, hún sagðist vera á kafi í heilsurækt og það væri mikið að gera hjá sér.

Hulda (54 ára) var mjög hæglát og ég óttaðist að erfitt yrði að fá hana til að tjá sig hreinskilnislega. Eftir að hafa spjallað við hana nokkra stund um heima og geima var hún komin á gott skrið.

Ásta (26 ára) var snaggaraleg kona sem sagðist hafa hætt í skóla eftir 10. bekk og í mörg ár hefði hún ekki haft áhuga á því að fara í skóla.

Eva (28 ára) var klædd í íþróttabuxur og flíspeysu, hún bað um að fá að hafa kveikt á símanum þar sem hún ætti lítil börn og væri með óvana barnapíu. Hún virtist í fyrstu nokkuð annars hugar, leit oft á úrið sitt en eftir því sem á viðtalið leið virtist sem áhuginn ykist á umræðuefninu og hún gleymdi fyrri áhyggjum.

Tinna (40 ára) var nokkuð stutturð til að byrja með en eftir því sem leið á viðtalið slakaði hún á, svörin urðu lengri og hún bætti við fyrri svör.

Hér á undan var gerð grein fyrir þeim spurningum sem þátttakendur voru beðnir um að svara. Aðferðum við rannsóknina og rannsóknarsniðinu var lýst og fjallað um einkenni viðtalanna. Úrvinnslan var rakin en sérhvert staðbundið viðtal var tekið upp á segulband og skráð niður, í símaviðtölunum var tekið upp það sem spyrjandinn sagði og hann skráði niður svör viðmælandanna. Viðtölin voru síðan kóðuð og reynt að draga út þemu. Í kaflanum var rætt um þau siðferðilegu atriði sem tengjast rannsókninni og kynningu á niðurstöðum. Einnig voru þátttakendur kynntir og gerð var grein fyrir því hvernig aflað var aðgengis að þeim og hvað réði því að þeir voru beðnir um að koma í viðtal.



## 5 Niðurstöður

Í þessum kafla er fyrst dregið fram það helsta sem kom fram í staðbundnu viðtölunum. Fyrst og fremst er um að ræða lýsandi frásagnir þátttakendanna sjálfra. Ýmist eru birtar frásagnir kvennanna, viðhorf þeirra eða einstaka tilvitnanir sem falla að þemanu eða samtölunum þannig að samhengið haldi sér og lýsi viðhorfunum betur. Svörin eru einnig sett upp á myndrænan hátt. Í lokin er síðan samantekt mín með hverju þema. Því næst er gerð grein fyrir símaviðtölunum sem líka voru þemagreind en svör kvennanna einungis birt á myndrænan hátt. Með hverri mynd fylgir samantekt mín.

### 5.1 Niðurstöður úr staðbundnum viðtölum

#### Ástæður þess að nemendur hófu nám á skrifstofubrautinni

Þrátt fyrir það að flestar konurnar færu í nám með atvinnutengdar ástæður í huga höfðu mismunandi aðstæður og bakgrunnur einnig áhrif á ákvörðun þeirra. Þannig vildi Erla Jóna komast út af heimilinu. Hún hafði verið lengi heimavinnandi vegna barna sinna og taldi að nú væri rétti tíminn til að gera eitthvað fyrir sjálfa sig. Flestar tóku fram að þær vildu fá betur launaða vinnu heldur en þá sem áður hefði staðið þeim til boða og allar sögðu þær að námið væri líka heppilega stutt. Guðríði og Steinunni langaði líka að fá tækifæri til að vinna í umhverfi þar sem hægt væri að klæðast snyrtilega. Steinunn og Tinna óskuðu eftir því að geta unnið á vinnustað þar sem ríkti meiri metnaður en þar sem þær hefðu unnið áður og að þær fengju aukna ábyrgð. Eva vildi styrkja sig persónulega og sanna fyrir sjálfri sér að hún gæti lært.

Hulda og Ásta höfðu hætt eftir skyldunám og töldu skrifstofubrautina góðan valkost til þess að byrja aftur í námi því við upphaf námsins væri ekki krafist mikillar forkunnáttu nemenda. Þær sögðu líka að þær hefðu heyrt að námið auðveldaði þeim að fá betri vinnu en þær hefðu áður verið í.


Í viðtölunum kom í ljós að aðalástæðan fyrir því að þátttakendur snéru aftur í skóla tengdist atvinnulífínu eða um 80%. Annað hvort var það óskhyggjan um að fá betri vinnu að námi loknu eða að styrkja sig betur í því starfi sem viðkomandi var í. Jafnmargar konur fóru í skóla af fjölskyldutengdum ástæðum og vegna þess að þær vildu efla sig persónulega. Einnig nefndu þær í flestum tilvikum betri laun og löngun til



líkamlega léttari vinnu í samanburði við þá sem þær höfðu áður verið í. Þegar spurt var dýpkandi spurninga í viðtalinu kom líka í ljós að sumar kvennanna skömmuðust sín vegna menntunarleysisins þó þær vildu ekki nefna það sem meginástæðu þess að þær hófu námið.

Þær höfðu líka áhyggjur af því að geta ekki veitt börnunum sínum það sama og önnur börn fá. Einnig kom fram að þær höfðu hræðst það að í framtíðinni myndu börnin þeirra skammast sín fyrir að mæður þeirra stunduðu láglaunastörf svo sem skúringar.

Mjög svipaðar niðurstöður má lesa út úr óformlegum vettvangsrannsóknnum en í óformlegum viðtölum hefur einnig komið í ljós að nemendur hafa látið þarfir annarra fjölskyldumeðlima ganga fyrir og ástæðan fyrir umsókn þeirra um nám á brautinni er sú að á þessum tímapakta hafa þeir haft tækifæri til að gera eitthvað fyrir sjálfa sig.



**Mynd 1 - Staðbundin viðtöl. Ástæða þess að nemendur hófu nám á skrifstofubrautinni.**

Þó svör viðmælanda hafi í fyrstu bent til þess að eitt sérstakt atriði hafði orðið til þess að þeir snéru aftur í skóla þá kom í ljós, þegar spurt var frekar, að fleira hafði haft áhrif á ákvörðun þátttakandans. Einnig var spurt hvort það hefði verið auðvelt eða erfitt að taka ákvörðun um að setjast aftur á skólabekk og svo að standa við hana.

### **Aðrir þættir sem höfðu áhrif á að nemandi hóf skólagöngu að nýju. Erfið eða auðveld ákvörðun?**


Hulda sagðist alltaf hafa verið til baka í fjölskyldunni og aldrei haft einhvern veginn frumkvæði að neinu. Hún hefði verið að vinna á leikskóla og einn daginn hefðu krakkarnir verið sérstaklega erfiðir, þeir hefðu verið með svakalegan hávaða og það hefði einhvern veginn flætt yfir hjá sér. Hulda sagði: „Ég hugsaði, ég verð að komast út úr þessu. Ég hafði séð viðtal um brautina og í einhverri móðu tók ég upp símann og pantaði tíma.“

Áður en ég vissi af var ég búin að ganga frá öllu. Síðan bráði af mér og ég hugsaði um í hvað ég væri nú búin að koma mér, ég myndi aldrei hafa þetta af. Svo mætti ég í skólann, líka í einhvers konar móki held ég.“

Að mati Ástu var það ákveðið átak að ákveða að fara í nám og stíga skrefið að fullu. Ásta sagði: „Það var í raun hugsunin um dóttur mína sem rak mig af stað, þetta var svaka erfitt vegna þess að ég átti svo slæmar minningar úr grunnskóla en þar lenti ég í miklu einelti. Ég vissi ekkert hvort einhver hefði innritað sig á skrifstofubrautina sem þekkti mig úr gamla skólanum eða hverfinu. Ég vissi heldur ekki hvort sagan myndi endurtaka sig.“

Tvær aðrar tóku í sama streng og töldu ákvörðunina erfiða en hinar sex sögðu hana hafa verið auðveldar og heldur ekki erfitt að standa við hana. Þegar ákvörðunin var endanleg þá hefði eftirleikurinn verið auðveldur og jafnvel mikil tilhlökkun og eftirvænting sem fylgdi því að vera að byrja í námi.

Það var heldur stærri hluti þátttakenda (60%) sem ekki fannst erfitt að taka endanlega ákvörðun og standa við það að setjast aftur á skólabekk. Þær konur sem áttu í erfiðleikum voru einnig að berjast við hindranir eins og hræðslu við einelti og minnimáttarkennd. Í ljós kom að fyrstu dagana voru þær tilbúnar til að hætta ef eitthvað kæmi upp sem varpaði ljósi á vankunnáttu þeirra. Sömuleiðis efuðust þær um að þær gætu staðið undir þeim kröfum sem gerðar yrðu til þeirra í náminu.



**Mynd 2 - Staðbundin viðtöl. Að ákveða að hefja nám að nýju, auðvelt eða erfitt?**

Í viðtölunum kom fram að rúmur helmingur kvennanna vildi komast í betra starf, fá léttari líkamlegri vinnu en á óvart kom hversu fáar konur höfðu haft einhver kynni af skrifstofustörfum.


#### **Aðstæður þátttakenda áður en námið hófst**

Flestar konurnar höfðu verið heimavinnandi áður en þær hófu námið, í upphafi höfðu þær ekki ætlað sér að vera lengi heima en börnunum fjölgaði og dýrt að greiða fyrir leikskóla eða aðra gæslu. Líka voru tilfelli þar sem veikindi barna eða annarra í fjölskyldunni höfðu orðið til þess að konan hafði í lengst heima fyrir. Aðrar höfðu unnið á leikskólum eða við verslunarstörf. Aðeins ein hafði unnið á skrifstofu en þá við símsvörun.

Sesselja sagðist hafa verið að vinna í sjoppu áður en hún hóf námið, það hefði verið það eina sem hún ómenntuð, einstæð móðir með lítið barn gat fengið á þeim tíma sem hún hafði þössun fyrir barnið.

Í viðtölunum kom fram að konurnar höfðu ætíð sett hag barna sinna og annarra fjölskyldumeðlima ofar sínum eigin löngunum. Þær höfðu jafnvel verið búnar að hugsa lengi hvað þær gætu gert til þess að koma sér upp úr því fari sem þær voru fastar í og þar kom að þær létu slag standa. Fjórar voru heimavinnandi en svo virðist sem þau störf sem þær útvinnandi höfðu áður verið í hafi að mestu verið þjónustustörf, annað hvort tengd börnum eða verslun og þá þau lægst launuðustu.

Sumar sögðust hafa liðið fyrir menntunarleysi sitt og hafa upplifað að þær voru ekki spurðar áhlits á hinu og öðru innan fjölskyldunnar. Þær sögðust heldur ekki hafa verið hafðar með í umræðu um þjóðfélagsmál.



**Mynd 3 - Staðbundin viðtöl. Viðfangsefni þátttakenda áður en hann hóf nám á brautinni.**

Í kafla 2 var rætt um hve símenntun er orðin algeng á Íslandi. Í ljósi þess bjóst ég við að svörin við spurningunni um viðbrögð fjölskyldu og vina í sambandi við að viðmælandinn hefði ákveðið að fara í nám væru öll á einn veg. Það reyndist þó ekki allskostar rétt.

#### Viðbrögð fjölskyldu og vina


Viðbrögð fjölskyldu og vina við því að viðmælendurnir færu í skóla voru almennt góð. Konurnar voru hvattar áfram og tvær nefndu að mennirnir þeirra hefðu verið sérstaklega duglegir að sinna heimilisstörfunum til þess að þær fengju meiri tíma fyrir námið. Ekki voru þó allar svo heppnar því sumar upplifðu neikvæðni.

Hjördís sagðist ekki hafa verið sátt við viðbrögð mannsins síns. Hjördís sagði: „Hann var ekki ánægður með að ég ætlaði mér í skóla og sagði að slíkt gerði maður áður en maður eignaðist börn. Hann vildi lítið hjálpa til. Fjölskyldan mín studdi mig og vinkonum mínum fannst þetta gott hjá mér. En maðurinn sem ég nefndi áðan er ekki maðurinn minn í dag.“ Einnig fundu tvær konur fyrir afbrýðisemi í sinn garð, ýmist frá vinkonum, samstarfsfélögum eða systkinum.

Ásta sagði að ekkert af sínum systkinum hefði farið í nám og þeim hefði fundist mjög skrítið að hún ætlaði í skóla án þess að neyðast til þess en þeim hefði þó fundist það gott hjá henni. Systir hennar hefði reyndar orðið mjög afbrýðisöm og hagað sér undarlega í sinn garð en ástæðan hefði verið sú að hana langaði líka að fara. Hún bara kom því ekki í verk að drífa sig.

Ein kvennanna sagðist hafa upplifað algert hlutleysi, það væri mjög erfitt því það væri svo snúið að túlka það. Hefði sá sem sýndi slíkt alls engan áhuga á því sem hún væri að gera, væri námið svo lítils virði að það tæki því ekki að sýna viðbrögð eða væri um ööryggi að ræða? Hún sagði að sér fyndist hlutleysið verra en neikvæð viðbrögð því þá vissi hún að minnsta kosti hug persónunnar sem í hlut ætti.

Það er að mínu mati hátt hlutfall nemenda sem segist hafa upplifað neikvæð viðbrögð því afbrýðisemi er neikvæð og hlutleysi má einnig túlka sem slíkt og þá eru það fjórar konur af tíu sem fengið hafa neikvæð viðbrögð af fjölskyldu sinni og vinum.



**Mynd 4 - Staðbundin viðtöl. Viðbrögð fjölskyldu og vina.**

Aðlögun er þekkt orð í íslenskum orðaforða og oft tengt ungum börnum sem byrja á leikskóla eða hjá dagmömmu. Þeir sem eldri eru þurfa einnig tíma til að átta sig á staðháttum, venjum og siðum á nýjum stað.

## Líðan við upphaf náms

Erla Jóna sagðist muna upphaf skólagöngunnar eins og hún hefði verið í gær:

Mér fannst mjög erfitt að taka skrefið, sækja um og festa þetta og það var líka erfitt að hitta fólk. Þú verður svo innilokuð þegar þú ert heimavinnandi og hittir bara ákveðinn kjarna, fjölskyldu og vini sem þú aðlagast og allt er svo auðvelt. Eftir öll þessi ár hugsaði ég að ég gæti ekki farið út á vinnumarkaðinn svona og sagt að ég hefði ekki unnið í 8 ár. Ég sé það alveg núna að maður hefur gott af því að breyta til og viðhalda námi. Maður á að ögra sér. Ég hélt að ég gæti ekki lært, mér fannst ég vera orðin svo gleymin og ég hugsaði að þar sem ég myndi ekki neitt og gæti ekki einu sinni endursagt skilaboð úr síma gæti ég alls ekki farið í skóla. Það kom mér svo á óvart að ég gat alveg lært.


Aðrar fjórar tóku í sama streng og sögðust hafa verið mjög taugaveiklaðar og hræddar við allt þetta nýja, nemendur, kennara og ekki síst námsgreinarnar. Þær hefðu þurft að hvetja sig áfram til að gefast ekki upp og snúa við. Þær voru hræddar um að geta ekki munað það sem til væri ætlast af þeim og þær myndu ef til vill standa sig illa í náminu eins og þær höfðu gert í grunnskólanum. Ein var líka hrædd við að vera elst og að hún myndi ekki falla inn í hópinn.

Ásta sagðist muna vel þegar hún byrjaði. Ásta sagði: „Mér leið ekki neitt sérstakega vel, ég átti mjög slæmar minningar úr grunnskóla, gekk illa í skólanum og hafði orðið fyrir einelti.“

Hjá fjórum nemendum kvað aftur á móti við annan tón. Konurnar sögðu að það hefði verið auðvelt að byrja og þær hefðu reynt að njóta þess að kynnst einhverju nýju og takast á við ný verkefni.

Svo virðist sem fleiri hafi hafi átt í erfiðleikum með að hefja námið en þær sem sögðu það auðvelt. Í svörunum kom fram að nemendur voru hræddir um að opinbera fávisku sína og jafnvel kalla aftur yfir sig vanlíðan sem þeir upplifðu í fyrri skólagöngu. Hræðslan við að upplifa einelti eða einhvers konar niðurlægingu var svo sterk að einhverjar voru tilbúnar til að hætta við námið ef einhver sem þekkti bakgrunn þeirra væri líka á brautinni.

Þegar spurt var nánar út í liðanina kom í ljós að ein sagðist hafa kippst við í hvert sinn sem dyrnar á skólastofunni opnuðust því hún bjóst við að einhver úr fortíðinni myndi eyðileggja þetta nýja tækifæri sem hún hafði fengið til að líða vel í námi.




**Mynd 5 - Staðbundin viðtöl. Líðan í upphafi námsins.**

Í Hávamálum, þar sem er að finna ráðleggingar til gestgjafa um það hvernig eigi að taka á móti gestum, segir að taka eigi á móti gestinum með hlýju viðmóti, hlusta á hann en tala líka við hann (Eddukvæði, 1969). Hér mætti líkja gestinum við nemandann í skólanum þar sem hann staldrar tímabundið við og gestgjafanum við kennara og annað starfsfólk.

#### **Viðmót kennara og annars starfsfólks**

Viðmælendur voru flestir á einu máli um að viðmót kennara og annars starfsfólks hefði verið gott, kennarnir hefðu gefið þeim góðan tíma til að aðlagast og venjast nýjum aðstæðum. Allt hafi verið gert til að draga úr stressi þátttakenda. Ein færðist undan að svara þessari spurningu og tvær nefndu sama kennarann sem þær sögðu að hefði verið óvinveittur í garð þeirra nemenda sem ekki stóðu sig vel í þeirri námsgrein sem hann kenndi. Þær nefndu að slíkt orðspor færi af kennaranum og þær vissu til þess að það hefði letjandi áhrif á þá sem annars væru að hugsa um að sækja um brautina. Ein nefndi stærðfræðikennarann sérstaklega vegna þess hve natinn hann hefði verið við nemendur. Að öðru leyti hefði allt starfsfólkið í skólanum sýnt hlýlegt viðmót, sama hvaða störfum það

gegndi og þær voru allar sammála um að gott væri að hafa fengið leiðsögn um húsakynninn í upphafi.



#### Mynd 6 - Staðbundin viðtöl. Viðmót kennara.


Þegar sest er á skólabekk eftir langa fjarveru frá skóla skiptir viðmót og samskipti við aðra nemendur miklu máli. Samvinna er töluverð á brautinni og vegna fjölskylduaðstæðna er oft snúið að finna tíma sem hentar öllum til að vinna að sameiginlegum verkefnum en slíkt getur reynt á þolrifin.

#### Viðmót nemenda

Þegar saman kemur hópur af einstaklingum sem flestir eru kvíðnir fyrir því nýja sem bíður þeirra má búast við að sitthvað komi upp. Það er ekki aðeins að þeir þurfi að tileikna sér nýtt námsefni, kynnast nýjum kennurum, reglum og síðum heldur hefur námið í för með sér að þeir kynnast einnig nýjum nemendum og þurfa að taka tillit til mismunandi þarfa þeirra. Þetta getur reynt á þolinmæðina. Í heildina litið sögðu viðmælendur mínir að viðmót annarra nemenda hefði verið gott en samt kom fram að í einum hópnum hefði verið um einhvers konar valdabaráttu að ræða og hroki einkennt nokkra nemendur. Ein nefndi að hún hefði haft svo mikið að gera í sambandi við námið að hún hefði ekki haft tíma til að kynnast öðrum nemendum eða setja sig inn í þeirra mál. Hinsvegar sögðust flestar vera í sambandi við samnemendur sína og hópurinn hittist með reglulegu millibili.



Svörin við spurningunni um viðmót annarra nemenda voru mjög samhljóma þeirri um viðmót kennaranna. Þátttakendum fannst flestum að viðmótið hefði verið mjög gott eða ekkert út á það að setja. Sami viðmælandi og vildi ekki tjá sig um viðmót kennaranna vildi heldur ekki láta hafa neitt eftir sér um viðmót nemenda. Einn nemandi sagði að viðmót annarra nemenda hefði ekki verið gott og samkeppni um háar einkunnir hefði verið milli einstaklinga í hópnum. Þetta hafi skapað leiðinlegt andrúmsloft um tíma þar sem hlutaðeigandi hefðu litið niður á aðra nemendur.



**Mynd 7 - Staðbundin viðtöl. Viðmót annarra nemenda.**

Eins og áður hefur komið fram vilja fullorðnir sjá ákveðinn tilgang með því sem þeir læra og helst sjá ótvírætt notagildi þess fyrir sig.


#### **Gagnlegustu námsgreinar**

Í viðtalinu var spurt hvaða námsgreinar þátttakendur teldu að hefðu komið þeim að notum eftir að þeir hefðu brautskrást og var þá jafnt átt við í leik og starfi.

Einni konunni fannst viðskiptaenskan hafa verið of þung og formföst í skólanum og sagði að í vinnunni væri hún í miklu sambandi við viðskiptavini á ensku en það færi fram á allt annan veg en hún hefði lært. Allar sögðu að bókhald og tölvur væru fög sem hefðu komið þeim að miklu gagni bæði í vinnu og einkalífi og sögðu að þessar námsgreinar ásamt íslensku væru tvímælalaust þær sem snertu flesta fleti daglegs lífs.

Athyglisvert var að flest allir viðmælendur vissu að búið var að breyta áherslum í tölvubókhalda á brautinni og töldu það af hinu góða að tölvubókhalda teldist sem heil námsgrein en ekki hluti af áfanga eins og áður hafi verið. Margar nefndu einnig stærðfræði og íslensku sem gagnleg fög. Þær hefðu verið mjög hræddar við stærðfræðina en kennarinn verið einstaklega góður og náð að gera fagið skiljanlegt. Svo virtist sem tveimur þátttakendum hefði ekki fundist markaðsfræði skemmtileg en sögðu jafnframt að þær teldu að hægt væri að gera hana áhugaverðari. Þegar spurt var hvaða fag hefði komið þeim að minnstum notum eftir brautskráninguna var það skjalstjórnun sem oftast var nefnd í því sambandi. Rúmlega helmingur kvennanna sagði líka að sú grein hafi verið sett fram á óspennandi hátt og því ekki vakið áhuga. Ein minntist á tollskýrslugerð sem fag sem ekki hefði nýst sér en sagði samt að gott væri að hafa einhverja kunnáttu á því sviði.

Þegar rætt er um á annan tug námsgreina má búast við að sitt sýnist hverjum um gagnsemi þeirra. Frá því að brautin hóf göngu sína hefur námsframboðið verið í sífelldri endurskoðun, innihald áfanga aukið, nýjar námsgreinar teknar inn og öðrum sleppt. Það má því teljast nokkuð ásættanlegt fyrir aðstandendur skrifstofubrautarinnar að rúmlega helmingur viðmælanda taldi að allar námsgreinar hefðu komið þeim að gagni annað hvort í lífi eða starfi. Tveir nefndu að skjalastjórnun hefði ekki nýst þeim neitt og ein nefndi tollskýrslugerð en vera má að starf hennar sé þess eðlis að hún þurfi ekki á þessari færni að halda. Einnig var ein kvennanna sem sagði að viðskiptaenska hafi ekki komið sér að gagni á þann hátt sem hún var kynnt á brautinni.



### Mynd 8 - Staðbundin viðtöl. Gagnsemi námsgreina.

Að setjast á skólabeck aftur, jafnvel eftir langa fjarveru frá skóla, kynnast nýju fólki og ekki síst að takast á hendur ný verkefni hefur í för með sér heilmiklar breytingar á daglegum háttum nemandans. Því var forvitnilegt að fá upplýsingar um hvort nemandinn teldi að námið hefði breytt einhverju öðru, svo sem haft áhrif á persónu hans.

### Breytingar sem námið hafði í för með sér fyrir nemendur

Allir viðmælendurnir sögðu að námið hefði orðið til þess að þeir urðu opnari, duglegri að tjá sig og segja sínar skoðanir. Áður hefði trú á eigin getu verið lítil og þeir frekar haldið sig til hlés í samræðum um málefni sem snertu þjóðfélags- og efnahagsmál. Sjálfstraustið hefði vaxið og jafnvel orðið það mikið að ein konan sagðist vera komin í leikfélag og nyti þess að starfa þar. Flestar sögðu að það væri góð tilfinning að geta haldið á útskriftarskírteininu og sagt, „ég er með grunn, ég er komin af stað.“ Einnig sögðu nokkrir þátttakendur að vera þeirra á brautinni hefði orðið til þess þeir hefðu öðlast kjark til þess að halda áfram námi.


Þegar spurt var nánar út í breytingar orðuðu sumar konurnar það sem svo að eftir útskriftina hefði þeim fundist þær í fyrsta skipti á ævinni vera einhvers virði í samfélaginu. Jenný sagði að það væri engin spurning að námið hefði haft breytingar í för með sér fyrir sig og þá til hins betra:

Ég held að ég geti best lýst því þannig að mér fannst ég bara lifna við úr.....dái. Ég fékk meira sjálfstraust og varð miklu

viðræðuhæfari um það sem er að gerast í þjóðlífinu. Það er ekki síst vegna þess að í skólanum var lögð áhersla á að ræða hlutina og fá skilning á því sem við vorum að fást við, til dæmis eins og í verslunarréttinum en ekki bara læra hlutina utanað. Mér fannst námið mjög raunveruleikatengt.

Tinna sagði að námið hefði ekki beinlínis haft breytingar í för með sér, þar sem hún væri alveg sama persónan og áður en þessi grunnur hefði orðið til þess að hún gat haldið áfram námi. Tinna sagði: „Kannski var það fyrst þá sem ég skildi hvað þetta var gott því ég stóð svo vel miðað við marga.“

Langflestir þátttakendurnir eða um 90% töldu að námið hafi haft í för með sér aukið sjálfsöryggi og betri skilning en einn nefndi aðeins betri skilning. Það er því ljóst að allir nemendur nefna jákvæðar breytingar sem námið hefur haft fyrir þá.




#### Mynd 9 - Staðbundin viðtöl. Breytingar.

Eins og sjá má af svörum við spurningunni hér á undan töldu allir nemendurnir að námið hefði haft jákvæð áhrif á þá. Forvitnilegt var að vita hvort þeim fyndist einhver ákveðinn þáttur námsins vera afgerandi bestur.

### Fýsilegur kostur

Í ljós kom að allir þátttakendur vildu benda á skrifstofubrautina sem fýsilegan valkost í námi þó af mismunandi ástæðum hafi verið. Konurnar nefndu sem dæmi að þetta væri skemmtilegt nám, hagnýtt, mannlegt, hvetjandi og frábær opnun fyrir fullorðið fólk sem ekki er tilbúið að eyða fjórum árum í stúdentspróf. Það væri virt úti í atvinnulífinu og gæfi góða atvinnumöguleika. Námið eflði sjálfstraustið, breytti viðhorfum, væri góður grunnur undir annað nám og yki möguleika þátttakandans á að fá líkamlega léttari vinnu en hann hefði áður stundað.

Þrjár konur nefndu að námið væri góður grunnur undir annað nám eða vinnu og aðar bættu við að það veitti aukin tækifæri og eflði sjálfstraustið. Þeir þættir sem konurnar nefndu oftast í svörum sínum geta vel haldist í hendur, þ.e.a.s. að eftir því sem grunnurinn er sterkari eru möguleikarnir meiri og við það eykst sjálfstraustið.




### Mynd 10 - Staðbundin viðtöl. Mælt með námi.

Eftir að ofangreind svör höfðu fengist var spurt um hvað konurnar fóru að gera eftir að námi lauk. Ástæðan fyrir spurningunni var m.a. að fá vitneskju um það hvort kjarkurinn til þess að sækja um störf á nýjum vettvangi hefði verið til staðar.

### Að námi loknu

Úr hópi viðmælanda minna höfðu sex farið strax að vinna á skrifstofu og fjórar höfðu haldið áfram í námi. Svo virðist því sem námið hafi orðið

þeim hvatning til áframhaldandi verka og að það hafi auðveldað þeim aðgengi að vinnu eða frekari skólagöngu.




**Mynd 11 - Staðbundin viðtöl. Viðfangsefni eftir að námi lauk.**

Forvitnilegt var að kanna hvernig nemendum gekk að fá vinnu á skrifstofu eftir að náminu lauk. Hvort konurnar hefðu þurft að sækja oft um og þannig reyna að lesa í hvaða viðtökur þær hafi fengið á atvinnumarkaðinum.

#### **Að fá vinnu**

Segja má að á heildina litið hafi útskrifaðir nemendur af skrifstofubraut I ekki þurft að sækja oft um vinnu þar sem af tíu aðspurðum höfðu þrjár sótt um tvisvar, þrjár einu sinni og tveimur verið boðin vinna. Það hlýtur að teljast gott að svo mörgum hafi tekist að fá vinnu án mikilla erfiðleika. Sama má segja um að aðeins ein kona hafi þurft að sækja um oft en þrisvar, það er lágt hlutfall og þó að önnur hafi ekki unnið á skrifstofu geta ýmsar ástæður legið þar að baki, jafnvel sú að hún hafi ekki sótt um slíka vinnu.



### Mynd 12 Staðbundin viðtöl. Hefur nemandinn oft sótt um störf á skrifstofu?

Viðmælendur í staðbundnum viðtölum voru valdir úr hópi þeirra sem útskrifuðust á síðustu sex árum af skrifstofubrautinni. Á því tímabili gæti ýmislegt hafa breyst á á vinnumarkaðinum í sambandi við aðgengi að vinnu. Forvitnilegt var að kanna hvað þáttakendur voru að gera þegar viðtalið var tekið og skoða það í samhengi við það sem þær voru að gera áður en námið hófst.

### Starf þátttakanda áður en námið hófst og þegar að viðtalið var tekið

Í ljós kom að af þeim fjórum konum sem voru heimavinnandi áður en þær hófu námið voru tvær þeirra ennþá í sömu stöðu. Ástæða þess þarf ekki að vera sú að þær hafi ekki fengið vinnu heldur að börnin séu það ung að móðirin sé í fæðingarorlofi eða kjósi að vera heimavinnandi. Önnur konan er með fjögur börn og auk þess sem áður sagði getur það hugsanlega verið fjárhagslega hagkvæmara fyrir fjölskylduna að hún sé heimavinnandi.

Sú þriðja var komin í ágæta stöðu sem bókari og nefndi að áður hefði slík staða verið fjarlægur draumur sem hún hefði ekki haft hina minnstu trú á að myndi rætast. Sú fjórða var að bæta við sig þekkingu í bókhaldi og sagðist stefna á löggildingu í því fagi. Konan sem áður var dagamma var, þegar viðtalið var tekið, titluð sem fulltrúi á fasteignasölu og sagðist bera þar töluverða ábyrgð þar sem hún væri í raun skrifstofustjóri og sæi um að starfið á skrifstofunni gegni snurðulaust fyrir sig.

Þær þrjár konur sem áður höfðu unnið á leikskóla voru allar í vinnu sem tengist náminu á skrifstofubrautinni, í bókhaldi, sem rekstarfulltrúi eða sem ritari forstjóra en sú síðastnefnda var einnig í skóla að bæta við þekkingu sína í viðskiptatengdum greinum. Sú kona sem áður hafði aðeins getað fengið vinnu í sjoppu var orðin fræðslufulltrúi og hélt utanum námskeiðahald auk þess sem hún aðstoðaði við bókhaldið í fyrirtækinu ef tími gafst til. Aðeins einn viðmælandinn í staðbundu viðtölunum hafði unnið á skrifstofu áður en hann hóf nám á skrifstofubrautinni og þá, samkvæmt eigin sögn, við það allra einfaldasta. Þessi sami aðili var ennþá að vinna á skrifstofu en hafi fengið framgang í starfi því þegar viðtalið var tekið annaðist hann launaútreikninga og starfsmannamál innan fyrirtækisins. Athygli vekur einnig að svo virðist sem aldur hafi ekkert að segja, eldri konurnar hafa jafnt þeim yngri fengið störf tengd náminu.

Þær konur, sem voru útivinnandi og í skóla, þökkðu náminu og veru sinni á skrifstofubrautinni það að þær hefðu fengið svo góð störf sem raun ber vitni og að þær hefðu öðlast það sjálfsöryggi að þær sjálfar teldu sig hæfar til að sækja um þessi störf. Hafa verður þó í huga að námið á skrifstofubrautinni er stutt og eflaust margir aðrir samverkandi þættir sem urðu til þess að konurnar efldust.

**Tafla 1 - Breytingar á starfsháttum**

<i>Nafn og aldur</i>	<i>Starf fyrir nám</i>	<i>Starf eftir nám á skrifstofubraut í MK</i>
Ásta, 26 ára	Heimavinnandi	Heimavinnandi með tvö börn
Erla Jóna, 44 ára	Heimavinnandi	Bókari
Eva, 28 ára	Heimavinnandi	Heimavinnandi með tvö lítil börn og tvö eldri
Guðríður, 49 ára	Heimavinnandi	Í framhaldsnámi í bókhaldi
Hjördís, 35 ára	Dagmamma	Fulltrúi á fasteignasölu, annast öll almenn störf
Hulda, 54 ára	Leikskóli	Fjölbreytt viðfangsefni á bókhaldsskrifstofu
Jenny, 45 ára	Leikskóli	Rekstrarfulltrúi í fiskvinnslufyrirtæki
Sesselja, 32 ára	Sjoppa	Fræðslufulltrúi í fyrirtæki sem sér um námskeiðahald
Steinunn 31 árs	Leikskóli	Ritari forstjóra og í skóla
Tinna 40 ára	Skrifstofa	Sér um laun og starfsmannamál í millistóru verktaka-fyrirtæki




## 5.2 Niðurstöður úr símaviðtölum

Haft var samband við 40 konur á aldrinum 23 – 52 ára sem höfðu útskrifast af skrifstofubraut I síðastliðin sex ár. Í lok hvers símaviðtals voru meginatriði dregin saman á þann veg að spyrjandi fór yfir innihaldið með spurningunum, „ertu þá að segja að.....?“ „eða skil ég þig þá rétt að þér finnist....?“ Því næst voru viðmælendur spurðir hvort rétt hefði verið eftir þeim haft. Spurt var sömu spurninga og í staðbundnu viðtölunum.

Langflestir þeirra sem hringt var í eða um 90% sögðust hafa sest á skólabekk með atvinnutengdar ástæður í huga. Það kemur líka heim og saman við niðurstöður úr staðbundnu viðtölunum.

Svipað hlutfall er milli þeirra kvenna sem sóttu í námið vegna þess að þær vildu efla sig persónulega og þeirra sem fóru af fjölskyldutengdum ástæðum.




**Mynd 13 - Síamaviðtöl. Ástæða þess að nemendur hófu nám á skrifstofubrautinni.**

Í óformlegum viðtölum við nemendur á skrifstofubrautinni hefur það oft komið í ljós að einhverjum fannst nokkuð snúið að taka ákvörðun um að hefja nám vegna þeirra breytinga sem skólagangan gæti hugsanlega haft í för með sér fyrir aðra fjölskyldumeðlimi. Eins og gengur eru skoðanir skiptar og öðrum nemendum fannst þetta ekkert vandamál.

Af þeim 40 konum sem hringt var í voru 70% á þeirri skoðun að það hefði ekki reynst erfitt að taka ákvörðun um að fara í skóla og viðmælendur nefndu að þeir hefðu lengi haft það á bak við eyrað. Þar að


kom að tíminn var hentugur og því hafi það einungis verið ánægjuleg tilhugsun.



**Mynd 14 - Sínaviðtöl. Að ákveða að hefja nám að nýju auðvelt eða erfitt?**

Þar sem inntökuskilyrði á brautina er aðeins grunnskólapróf er það oft þannig að þátttakendur voru í lágt launaðri vinnu áður en þeir hófu námið. Þar koma til störf svo sem í verslun, við umönnun eða með börnum.


Yngstu viðmælendurnir eru á milli tvítugs og þrítugs og því má búast við að að þeir hafi verið heima með lítil börn. Að öðru leyti má sjá að þau störf, sem áður voru nefnd, eru þau sem algengast er að þátttakendur hafi unnið og er þá átt við verslunarstörf og vinnu með börnum.



**Mynd 15 - Sínaviðtöl. Viðfangsefni þátttakendur áður en þeir hófu nám á brautinni.**

Breytingar kalla gjarnan á viðbrögð sem þá geta birst í ýmsum myndum, bæði verið jákvæð og neikvæð í formi gleði eða öfundar.


Því miður reyndist það svo að þeir sem upplifðu neikvæð viðbrögð eða afskiptaleysi voru 43% þeirra sem hringt var í. Ýmist var um að ræða maka, börn eða vini sem brugðust svona við. Slík viðbrögð verða ef til vill til þess að nemandinn finnur fyrir samviskubiti og frekari vanlíðan því samfara og dregur úr einbeitingu hans við námið.



**Mynd 16 - Sínaviðtöl. Viðbrögð fjölskyldu og vana.**


Líklegt er að upplífi nemandinn neikvæð viðbrögð af hálfu fjölskyldu og vana hafi það áhrif á líðan hans og einbeitingu og þá ekki síst við upphaf námsins.

Langflestir eða 75% aðspurðra sögðu að þeim hefði fundist erfitt að byrja og nefndu að þeir hefðu verið taugaóstyrkir og óöryggir vegna þess að þeir vissu ekki fyrirfram hvers yrði ætlast til af þeim og hvort þeir myndu geta staðið undir væntingum sjálfra sín og annarra.



**Mynd 17 - Sínaviðtöl. Líðan í upphafi námsins.**


Vingjarnlegt viðmót kennara og starfsfólks ætti að auka vellíðan nemenda og draga úr óöryggi þeirra. Langstærstum hluta viðmælanda minna fannst viðmót kennara hafa verið gott eða allt í lagi. Þó voru fjórir nemendur sem sögðu að það hefði ekki verið algilt og nefndu sem dæmi að ákveðinn kennari hefði sýnt þeim neikvætt viðmót sem ekki stóðu sig vel í þeirri námsgrein sem hann kenndi.



**Mynd 18 - Sínaviðtöl. Viðmót kennara.**

Viðmót annarra nemenda hefur einnig mikið að segja varðandi andrúmsloftið í bekknum.

Niðurstöður úr spurningu um viðmót annarra nemenda voru svo að segja alveg samhljóma við niðurstöður spurningar um viðmót kennara. Alls sögðu 92% að viðmótið hefði verið gott eða í lagi og átta prósent upplifðu viðmótið neikvætt. Þó voru það ekki í öllum tilfellum sömu nemendur sem svöruðu á þann veg og þeir sem töldu kennarann hafa komið leiðinlega fram við nemendur.




**Mynd 19 - Símvíðtöl. Viðmót nemenda.**

Erfítt er að leggja mælistiku á hvenær nemendur meta viðmót sem gott og hvenær ekki. Slíkt getur verið einstaklingsbundið á sama hátt og það getur verið mismunandi hvaða gagn nemendur telja sig hafa haft af námsgreinunum.

Skrifstofubrautin hefur verið í stöðugri endurskoðun með gagnsemi námsgreina í huga. Jákvætt er að alls 72% aðspurðra töldu að allar námsgreinarnar hefðu nýst sér en aðrir nefndu greinar sem ekki höfðu komið þeim að notum.


Margt getur komið til, svo sem að þátttakandinn hafi ekki þurft að nota þekkingu sína tengda ákveðnum námsgreinum í þeim störfum sem hann hefur sinnt. Þannig má segja að bæði tollur og skjalastjórnun tengist nokkuð sérhæfðum störfum.



**Mynd 20 - Sínaviðtöl. Gagnsemi námsgreina.**

Þeir sem koma að skrifstofubrautinni hafa kappkostað að fylgjast með því gegnum brautskráða nemendur og fullrúa atvinnulífsins hvaða námsgreinar eru gagnlegastar fyrir þær breytingar sem brautinni er ætlað að búa nemendur undir.

Nánast allir þátttakendur eða 92% sögðu að námið hefði haft breytingar í för með sér, annað hvort vegna þess að þeir hefðu fengið betri skilning á ýmsu sem tengdist námsgreinunum eða að sjálfstraustið hefði tekið stakkaskiptum. Þeir væru óhræddari við að láta eigin skoðanir í ljós á því sem væri að gerast í samfélaginu.




**Mynd 21 - Sínaviðtöl. Breytingar.**

Þar sem svo stór hluti aðspurðra taldi námið hafa haft jákvæð áhrif var forvitnilegt að vita hvort það væri eitthvað sérstakt sem bæri af í tengslum við það.

Enn kemur í ljós að þeir sem svara eru samkvæmir sjálfum sér því svipað hlutfall þátttakenda og áður eða um 10% er neikvætt í garð námsins. Þeir sem svöruðu á þann hátt töldu námið ekki hafa höfðað til sín og vildu þar af leiðandi ekki mæla með því. Hinsvegar voru 90% aðspurðra á annarri skoðun og sem áður sögðu þeir að námið væri góður grunnur undir næsta skref, veitti aukin tækifæri og þar með ýtti það undir sjálfstraust nemendanna. Því vildu þeir mæla með náminu.






**Mynd 22 - Símaviðtöl. Mælt með námi.**


Eftir ofangreind svör höfðu fengist var spurt um hvað konurnar hefðu farið að gera eftir að námi lauk. Spurningin var borin fram með það fyrir augum að fá upplýsingar um hvort sjálfstraustið hefði aukist það mikið að þær teldu sig tilbúna til að sækja um vinnu á viðskiptatengdu sviði eða halda áfram í skóla.

Það virðist vera svipaður fjöldi nemenda sem hélt áfram í skóla eða fór að vinna strax eftir brautskráninguna og þeir sem eru jákvæðir í garð námsins. Alls voru það 87% sem ýmist héldu áfram námi eða fóru að vinna en 13% voru heima og getur þar margt komið til svo sem barneignir eða fjölskylduástæður.



**Mynd 23 - Sínaviðtöl. Viðfangsefni eftir að námi lauk.**


Þar sem svo margar konur höfðu farið út á vinnumarkaðinn var forvitnilegt að fá upplýsingar um hvernig það hefði gengið að fá vinnu og hvort hægt væri að draga ályktun af svörum um álit atvinnulífsins á náminu. Í ljós kom að 50% þeirra kvenna sem höfðu farið að vinna á skrifstofu hafði ýmist verið boðin vinna, þær sótt um einu sinni eða tvisvar sinnum. Þetta má túlka sem mjög jákvæð viðbrögð af hálfu atvinnulífsins við náminu en þó þurftu 26% að sækja um allt að fimm sinnum eða oftar. Þrátt fyrir að það hafi tekið sumar konurnar nokkuð langan tíma að fá vinnu má segja að það sem mestu máli skipti var að þær fengu vinnu við það sem þær höfðu menntað sig til.



**Mynd 24 - Sínaviðtöl. Hefur viðkomandi oft sótt um störf á skrifstofu?**

Í lokin var safnað upplýsingum um það sem konurnar voru að fást við þegar viðtalið var tekið.

Ríflega helmingur þeirra sem tóku þátt í sínaviðtölunum var að vinna á skrifstofu eða var í áframhaldandi námi þegar viðtalið var tekið. Sama hlutfall kvennanna (13%) var heimavinnandi og þeirra sem áður höfðu svarað því til að þær hefðu ekki unnið á skrifstofu. Ekki var kannað sérstaklega hvort það væru sömu konurnar sem væru á bakvið prósentuhlutfallið. Athygli vekur þó hversu margar voru ekki að vinna við skrifstofustörf en hugsanlega getur verið að þær hafi farið í annað nám og vinni við eitthvað sem tengist því en að þessu sinni var sjónum einungis beint að því hvort konurnar væru að vinna á skrifstofu.



Mynd 25 - Símaviðtöl. Viðfangsefni nú.

### 5.3 Samantekt úr viðtölunum

Hér á eftir verða fyrst bornar saman niðurstöður úr þeim viðtölum sem ég tók, þ.e.a.s. staðbundnu viðtölunum annars vegar og símaviðtölunum hinsvegar. Því næst verða bornar saman niðurstöður úr rannsókn minni byggðri á staðbundnum viðtölum og rannsókn McMillan.

#### Ástæður þess að nemendur hófu nám á skrifstofubrautinni

Í staðbundnu viðtölunum voru 80% viðmælanda sem nefndu atvinnutengdar ástæður þess að þeir kusu að hefja nám á skrifstofubraut I – staðbundið nám við Menntaskólann í Kópavogi og 87% í símaviðtölunum. Munurinn er það lítill að hægt er að segja að svörin séu samhljóma. Svipað er að segja um þá sem vildu efla sig persónulega. Alls sögðu 10% viðmælanda, sem komu í staðbundið viðtal, ástæðuna vera þá að þeir hafi viljað styrkingu og 8% þeirra sem tóku þátt í símaviðtölunum voru sammála því.

Mest ber á milli þegar nefndar eru fjölskyldutengdar ástæður en það gerðu 10% viðmælanda í staðbundnu viðtölunum en 5% í símaviðtölunum.

Þegar á heildina er litið er hægt að segja að viðmælendur séu samhljóma um ástæðu þess að þeir hófu nám á brautinni.

### **Aðrir þættir sem höfðu áhrif á að nemendi hóf skólagöngu að nýju. Erfið eða auðveld ákvörðun?**

Svörin eru einnig nokkuð svipuð hér þar sem 60% svarenda í staðbundnu viðtölunum sögðu að það hefði verið auðvelt að taka ákvörðunina og standa við hana en 40% svöruðu því til að það hefði verið erfitt. Svipað segja þeir sem hringt var í eða 70% segja auðvelt og 30% erfitt.

### **Aðstæður þátttakenda áður en námið hófst**

Þeir viðmælendur sem tóku þátt í staðbundnu viðtölunum og höfðu verið heimavinnandi voru jafnmargir þeim sem höfðu unnið með börn eða um 40%. Í símaviðtölunum var hlutfallið einnig jafnt, 24% voru heimavinnandi og 23% höfðu unnið á leikskóla. Fæstir höfðu unnið á skrifstofu en hlutfallið var einnig svipað þar, eða 10% þeirra sem komu í viðtölin og 8% þeirra sem hringt var í.

Athygli vekur að 37% þeirra sem hringt var í höfðu unnið í verslun eða sjoppu en aðeins 10% þeirra sem komu í viðtölin. Draga má þá ályktun af þeim tegundum starfa, sem viðmælendur nefna, að þeir hafi verið að fást við mjög sambærilega hluti áður en þeir hófu námið.

### **Viðbrögð fjölskyldu og vina**

Í staðbundnu viðtölunum sögðust 54% viðmælenda hafa fengið stuðning eða hvatningu frá einhverjum og 57% þeirra sem hringt var í sögðu það sama. Enginn munur var á milli þeirra sem komu í viðtal og þeirra sem hringt var í varðandi afbrýðisemi en 20% töldu sig hafa fundið fyrir henni í sinn garð. Sama var að segja um þá sem töldu sig hafa upplifað hlutleysi af hálfu fjölskyldu og vina, um 13% úr hvorum hópi svöruðu á þann veg.

Fjöldi þeirra sem kom í viðtal og sagðist hafa fengið neikvæð viðbrögð var svipaður fjöldi þeirra sem sem hringt var í.

Af niðurstöðum má því lesa að aðeins rúmur helmingur allra viðmælenda hafi fengið stuðning eða hvatningu við því að setjast aftur á skólabekk og um 30% hafi upplifað einhvers konar neikvæð viðbrögð.

### **Líðan við upphaf náms**

Af þeim sem komu í viðtölin voru 60% sem fannst erfitt að byrja og fundu fyrir stressi. Þeim sem fannst það auðvelt voru 40%. Í símaviðtölunum voru hlutföllin á annan veg þar sem 75% fannst erfitt að byrja en aðeins 25% auðvelt.

Þessi svör gætu mögulega vakið áhuga þeirra sem standa að brautinni og þeir reynt að finna leið til að draga úr vanlíðan nemendanna við upphaf námsins.

### **Viðmót kennara og annarra nemenda**

Í staðbundnu viðtölunum voru það 60% sem töldu að viðmót kennaranna hefði verið gott og 70% sögðu að viðmót annarra nemenda hefði verið gott. Af þeim sem hringt var í sögðu 85% að viðmót kennara hefði verið gott og 87% sem sögðu að viðmót nemenda hefði verið gott. Af þeim sem komu í viðtölin fannst 20% að viðmót sumra kennara hefði ekki verið gott og þeim sem fannst viðmót nemenda heldur ekki gott voru 10%. Þeir sem hringt var í og töldu að viðmót sumra kennara hefði ekki verið gott voru 10% og svipað hlutfall eða 8% fannst viðmót nemenda heldur ekki gott.

Það var því meirihluti þátttakenda sem var á þeirri skoðun að viðmót kennara og nemenda hefði verið gott.

### **Gagnlegustu námsgreinarnar**

Meirihluti viðmælenda úr báðum hópunum töldu að námsgreinarnar hefðu nýst sér eða 60% þeirra sem komu í viðtölin og 72% þeirra sem hringt var í.

Að mestu leyti minntust allir þátttakendur á sömu námsgreinarnar sem þeir töldu að hefði ekki nýst þeim. Alls nefndu 20% þeirra sem tóku þátt í staðbundnu viðtölunum að skjalastjórnun hefði ekki nýst þeim og 14% þeirra sem svöruðu símleiðis. Næst kom tollur en hann nefndu 10% þeirra sem komu og 8% þeirra sem hringt var til. Í þriðja lagi töluðu viðmælendur um að viðskiptaenska hefði ekki nýst þeim eða 10% úr staðbundnu viðtölunum og 3% þeirra sem hringt var í. Einnig voru það 3% þeirra sem hringt var í sem nefndu markaðsfræði.

Það er eftirtektarvert að það eru sömu námsgreinarnar sem nemendur telja að hafi ekki nýst þeim eftir að þeir luku náminu.

### **Breytingar sem námið hafði í för með sér fyrir nemendur**

Viðmælendur í staðbundnu viðtölunum voru flestir á þeirri skoðun að námið hefði haft breytingar í för með sér eða 90% sem sögðu að það hefði aukið þeim sjálfsöryggi og skilningur væri betri. Hin 10% töldu að breytingin hefði verið í formi betri skilnings. Þeir sem hringt var í voru einnig á því að námið hefði valdið breytingum en 67% sögðu að það

hefði aukið sjálfsöryggið og 25% nefndu að skilningurinn væri betri. Af þeim sem hringt var í töldu 8% að námið hefði engar breytingar haft í för með sér fyrir þá. Ástæðan er óljós en hugsanlega vegna þess að þeir eru í sömu störfum og áður en ekki að vinna við það sem þeir menntuðu sig til.

### **Fýsilegur kostur**

Af þeim sem komu í staðbundna viðtalið voru allir sammála um að þeir myndu mæla með náminu af mismunandi ástæðum þó, 40% nefndu að námið veitti tækifæri, 30% að það væri góður grunnur, 10% að það veitti sjálfstraust og 20% nefndu annað. Af þeim sem tóku þátt í símaviðtölunum töldu 10% að þeir myndu ekki mæla með náminu vegna þess að þeim þótti það leiðinlegt en aðrir sögðust myndu ráðleggja fólki að fara í námið, 44% vegna þess að það veitir tækifæri, 23% vegna þess að það er góður grunnur og 23% því það veitir sjálfstraust.

Í heildina litið eru það 90% sem töldu sig vilja mæla með náminu og má það teljast mjög gott.

### **Að námi loknu**

Af þeim sem komu í viðtalið sögðust 60% hafa farið að vinna á skrifstofu en 40% héldu áfram í skóla. Ívið herra hlutfall af þeim sem hringt var í fóru að vinna eða 72% en 15% fóru í skóla. Alls voru 13% heimavinnandi.

Flestir höfðu áður verið heimavinnandi, unnið með börn eða í verslun þannig að töluverðar breytingar hafa átt sér stað hjá þátttakendum.

### **Hversu oft hefur verið sótt um starf**

Af þeim sem komu í staðbundna viðtalið sögðust 10% aldrei hafa unnið á skrifstofu, 30% höfðu sótt einu sinni um og 30% viðmælenda höfðu sótt tvisvar um áður en viðkomandi fékk vinnu. Alls voru 20% sem hafði verið boðin vinna á skrifstofu en 10% höfðu þurft að sækja um fimm sinnum. Af þeim sem hringt var í höfðu 13% aldrei unnið á skrifstofu, 15% höfðu sótt einu sinni og 17% tvisvar sinnum.

Alls voru 18% sem hafði verið boðin vinna og 13% sem höfðu sótt um fimm sinnum eða oftar.

Tiltölulega fáir hafa ekki farið að vinna á skrifstofu en ef til vill er tenging á milli svara þeirra átta prósentu sem sögðu að námið hafi engar breytingar haft í för með sér og þeirra sem aldrei hafa unnið á skrifstofu.

Til að kanna hvort mismunur væri á milli skoðana íslenskra kvenna á aldrinum 26 – 54 ára sem settust á skólabeck á skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi og annarra kvenna sem hófu einnig nám að nýja bar ég niðurstöður mínar saman við niðurstöður Fay C. McMillan (2003) úr rannsókn hennar *A Qualitative Study of Adult Women in a Northeast Tennessee Community College*. McMillan skoðaði hvað hefði orðið kvenkyns nemendum hvati til þess að snúa aftur í nám og hvort eitthvað væri einkennandi fyrir þá með það fyrir augum að upplýsingarnar gætu nýst viðkomandi framhaldsskóla.

#### 5.4 Samanburður á rannsóknum

Rannsóknir okkar McMillan eru af svipuðum toga en ekki algerlega samhljóma þar sem við spyrjum ekki nákvæmlega sömu spurninga. Einnig eru aðstæður viðmælendanna aðrar þar sem önnur rannsóknin er gerð í Bandaríkjunum þar sem viðhorf fólks og möguleikar til náms eru eflaust mismunandi en þar sem ég þekki ekki nægilega vel til þar í landi get ég ekki tjáð mig um það. Hin rannsóknin er framkvæmd á Íslandi, en hér á landi nefnir Ólafur Grétar Kristjánsson (2003) að sé breytt viðhorf til menntunar sbr. ríkjandi umræðu um þekkingarþjóf félagið og aukinn skilning á verðmætasköpun sem leiði af aukinni þekkingu og góðri menntun.

McMillan spyr konur sem eru í námi en ég spyr nemendur sem lokið hafa námi og það gefur tilefni til annars konar svara. Hugsanlega getur það haft áhrif að meðan viðkomandi er í námi er matið ekki eins skýrt og þegar nokkur tími er liðinn frá því að námi lauk. Einnig tók ég símaviðtöl en ekki hún, við gerum hins vegar báðar óformlega vettvangskönnun, þar sem við ræðum við nemendur, kennara og starfsfólk. Aðalástæða þess að ég valdi að bera mína rannsókn saman við hennar er að nokkrar spurningar okkar beggja eru svipaðar og það vakti m.a. áhuga minn á samanburði. Það sem við spyrjum báðar um er:

1. Hvers vegna viðkomandi hóf nám að nýju.
2. Hvort ákvörðunin að snúa aftur í nám hafði verið erfið eða létt.
3. Hvernig fjölskylda og vinir hafi tekið því að viðkomandi snéri aftur í nám.



4. Hvernig viðmót kennara og annarra nemenda hafi verið.
5. Hvort þátttakandi myndi ráðleggja öðrum sem er í svipaðri stöðu í lífinu að fara í skóla, hvers vegna og hvers vegna ekki.
6. Í þeim samanburði sem hér fer á eftir eru niðurstöður úr staðbundnu viðtölunum við íslensku þátttakendurna bornar saman við niðurstöður úr viðtölum McMillan.

### **Ástæður þess að viðkomandi hóf nám að nýju**

Hér eru niðurstöður okkar svipaðar en flestir viðmælenda okkar beggja hófu nám af atvinnutengdum ástæðum, þó fleiri af íslensku þátttakendunum eða 80% en 56% þeirra erlendu. Hinsvegar voru fleiri bandarískir þátttakendur sem hófu nám til þess að efla sig persónulega heldur en þeir íslensku (30% á móti 10%). Þriðja ástæðan sem nefnd var í báðum rannsóknunum var fjölskyldulegar ástæður og þá voru niðurstöður mjög svipaðar þó þeir bandarísku væru ívið fleiri (14% á móti 10%).

### **Að snúa aftur í nám, erfið eða létt ákvörðun?**

Alls svöruðu 60% íslensku þátttakendanna á þá leið að ákvörðunin hefði verið þeim létt en 40% töldu hana hafa verið erfiða.

Svipaða sögu var að segja um bandarísku konurnar. Af þeim sem tóku þátt í rannsókninni sögðu 70% að ákvörðunin hefði verið auðveld en 30% að hún hefði verið erfið eða mjög erfið.

### **Viðbrögð fjölskyldu og vina**

McMillan fékk mörg svör á þá leið að fjölskylda þátttakandans hefði ekki haft áhuga fyrir námi og ekki hvatt hann til að mennta sig frekar. Samt voru nokkrir sem studdu vel við bakið á nemandanum þótt afbrýðisemi gerði líka vart við sig. Svo virðist sem fleiri vandamál tengdust bandarísku þátttakendunum eða fjölskyldum þeirra heldur en þeim íslensku og má þar nefna óreglu og menntunarleysi fjölskyldunnar.

Rúmur helmingur íslensku þátttakendanna fékk stuðning eða hvatningu einhvers staðar frá þó þeir yrðu líkt og þeir bandarísku líka fyrir afbrýðisemi og einhverjir upplifðu neikvæðni.

### **Viðmót kennara og samnemenda**

Helmingur bandarísku þátttakendanna hrósuðu kennurunum fyrir hjálpssemi og skilning. Aðrir nefndu samnemendur eða aðra, svo sem

námsráðgjafa. Rúmur helmingur íslensku þátttakendanna töldu viðmót kennaranna gott, eða 60% aðspurðra.

Í rannsókn McMillan nefndi enginn að viðmót kennara hefði ekki verið gott en það töldu 20% í íslensku rannsókninni. Þetta er eflaust eitthvað sem þeir sem að brautinni koma vilja skoða betur.

### **Fýsilegur kostur**

Allir íslensku viðmælendurnir sögðust myndu vilja ráðleggja öðrum að fara í nám á skrifstofubraut I í Menntaskólanum í Kópavogi.

Þeir nefndu mismunandi ástæður fyrir því en flestir sögðu að námið veitti tækifæri og næstir komu þeir sem sögðu að námið væri góður grunnur, sumir nefndu annað jákvætt sem það bæri með sér og einnig aukið sjálfstraust.

Bandarísku þátttakendurnir tóku í sama streng með sitt nám. Allir vildu þeir ráðleggja öðrum konum á sama aldri að snúa aftur í skóla. Alls nefndu átta af 30 konum hve gott það væri í sambandi við atvinnumöguleika og aðrar nefndu aukið sjálfstraust og sjálfstæði sem námið hefði í för með sér fyrir þær.

Hér á undan hefur verið rakið hvernig staðbundnu viðtölunum var háttað en spyrjandinn lagði sig fram við að skapa afslappað andrúmsloft og skýrði út fyrir þátttakendum að eftir að unnið hefði verið úr viðtölunum yrði textinn borinn undir þá. Þannig fengju þeir tækifæri til þess að leiðrétta mál sitt ef þeir teldu að ekki hefði rétt verið eftir sér haft. Sömuleiðis var þeim gerð grein fyrir að svör þeirra yrðu birt undir dulnefni og að öllum gögnum yrði eytt að rannsókn lokinni. Viðmælendum í símaviðtölunum var sömuleiðis gerð grein fyrir notkun dulnefna og eyðingu gagnanna og þeir voru beðnir um í lok viðtalsins að samþykka samantekt spyrjandans. Niðurstöður voru mjög svipaðar úr báðum tegundum viðtalanna. Konurnar sóttu flestar í námið af atvinnutengdum ástæðum, eða að þær vildu geta veitt börnunum sínum meira. Þær voru frekar taugaóstyrkar í upphafi námsins og hræddar við að standast ekki þær kröfur sem gerðar yrðu til þeirra. Einnig kom í ljós hjá langflestum að þeim fannst þær styrkjast og ná betur tókum á aðstæðum eftir því sem á námið leið. Þeim fannst flestum viðmót kennara og annarra samnemenda hafa verið nokkuð gott.

Þær töldu flestar að námsgreinarnar hefðu nýst þeim vel, námið hefði styrkt sjálfsmynd þeirra og aukið skilning þeirra á ýmsu í daglegu lífi og væri góður grunnur undir annað nám. Þær vildu líka langflestar mæla með náminu.

Munurinn á milli staðbundnu viðtalanna og símaviðtalanna fólst einkum í því að fleiri konur sem tóku þátt í símaviðtölunum töldu að námið hefði ekki haft neinar breytingar í för með sér og höfðu ekki unnið á skrifstofu. Athygli vakti að svipaður fjöldi aðspurðra í símaviðtölunum sem hafði aldrei unnið á skrifstofu sagði að námið hefði ekki haft neinar breytingar í för með sér og vildi ekki mæla með náminu. Niðurstöður úr könnun minni og McMillan voru einnig svipaðar. Reyndar voru fleiri konur sem hún talaði við sem nefndu að þær hefðu upplifað neikvæð viðbrögð fjölskyldu við því að þær stunduðu nám, svo virtist sem fleiri fjölskylduvandamál tengdust þeim bandarísku heldur en þeim íslensku. Erlendu þátttakendurnir voru jákvæðari í garð kennaranna en þær íslensku en allir viðmælendurnir vildu mæla með náminu og töldu að það hefði gert sér gott.

-

## 6 Umræður

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort nám á skrifstofubraut I hefur orðið nemendum hvatning til áframhaldandi náms, hvort það hefur eflt atvinnumöguleika þeirra og hvort það hefur skipt einhverju máli fyrir sjálfsmynd nemans. Rannsókninni var ætlað að gefa niðurstöður sem geta nýst við þróun námsframboðs og starfshátta á skrifstofubrautinni með ávinning væntanlegra þátttakenda í huga.

Markmiðið með því að skoða hvaða gildi nám á skrifstofubraut I (staðbundið nám) hefur haft fyrir nemendur var það að geta bætt námið og kennsluna. Rannsóknin kemur vonandi Menntaskólanum í Kópavogi sem menntastofnun til góða þar sem niðurstöður hennar varpa nokkru ljósi á gæði menntunarinnar á námsbrautinni, og þess starfs sem þar er unnið. Upplýsingarnar sem fengust úr rannsókninni geta einnig komið öðrum skólum, sem bjóða samskonar eða svipað nám, að gagni og síðast en ekki síst getur hún haft hvetjandi áhrif á þá einstaklinga sem finna samsvörum við þá sem stundað hafa námið.

Rannsóknin varpar ljósi á ástæður þess að konurnar snéru aftur í skóla, stöðu þeirra við upphaf námsins og til þess dags sem viðtalið er tekið, hvaða gagn þær telja sig hafa haft af námsgreinunum og hvaða breytingar námsdvölin hefur haft fyrir þær. Viðhorf þeirra til verunnar á skrifstofubrautinni munu vonandi geta haft leiðbeinandi áhrif á vinnu þeirra sem að brautinni standa.

Gögnum var safnað með viðtölum við tíu konur auk þess sem 40 símaviðtöl, einnig við konur áttu sér stað og óformleg rannsókn var gerð á vettvangi. Öllum þátttakendum var gerð grein fyrir því að í ritgerðinni yrðu notuð dulnefni, ekki yrði hægt að rekja svörin og að öllum gögnum yrði eytt að úrvinnslu lokinni.

Svör kvennanna tíu voru borin undir þær þegar skráningu viðtalanna var lokið til þess að tryggja að rétt væri eftir þeim haft. Að lokum var rannsókn mín borin saman við rannsókn Fay McMillan (2003). Hún skoðaði hvað hefði orðið kvenkyns nemendum hvati til þess að snúa aftur í nám og hvort eitthvað væri einkennandi fyrir þá með það fyrir augum að upplýsingarnar gætu nýst viðkomandi framhaldsskóla.

Viðmælendur mínir snéru aftur í nám vegna þess að þeir vildu búa sig sem best undir vinnumarkaðinn, mennta sig meira, breyta til eða afla sér

grunnmenntunar. Þetta kemur heim og saman við fyrri rannsóknir en flestir þátttakendur nefna hvöt tengda vinnu og skyldum í vinnunni. Johnstone og Rivera (1965) vísa í rannsókn sína en hún sýnir að þátttakendur hennar höfðu byrjað í námi vegna þess að þeir voru að undirbúa sig undir nýtt starf eða þeir vildu reyna að bæta sig í þáverandi starfi. Knowles o. fl. (1998) segja að þegar einstaklingur þroskist breytist sjálfmyndin úr því að vera háður í að vera sjálfstæður þ.e. fólk leitar í nám á eigin forsendum og hvötin kemur innan frá en ekki utan.

Cross (1981) segir að ástæður sem fólk gefi fyrir því að það leiti aftur í skóla tengist stöðu þess í lífinu. Þannig hafi fólk sem ekki hafi vinnu áhuga á því að afla sér menntunar með það fyrir augum að verða gjaldgengt á vinnumarkaðinum. Þeir aðilar sem hafi góða vinnu vilji auka þekkingu sína til þess að eiga frekari möguleika á framgangi í starfi. Hafa verður í huga að þó fullorðnir námsmenn hafi tekið þá ákvörðun að snúa aftur í skóla, mest af atvinnutengdum ástæðum, eru þeir ólíkir „hefðbundum“ nemendum vegna lífsreynslunnar og annars konar markmiða með náminu og þeirrar ábyrgðar sem þeir hafa gagnvart fjölskyldu sinni.

McMillan (2003) vísar til Justice, D.O. sem nefnir í grein sinni *Facilitating adult learning in a liberal education* frá árinu 1997 að fullorðnir námsmenn hafi skýrari markmið heldur en „hefðbundun“ námsmennirnir. Þeir leiti einnig eftir auknu sjálfstrausti eða persónulegri fyllingu og nýrri reynslu sem nám getur veitt jafnhliða því að þeir vilji aukin atvinnutækifæri

Nemendur sögðu flestir að þeir hefðu verið óöruggir þegar þeir hófu nám á brautinni og það kemur einnig heim og saman við það sem aðrar rannsóknir hafa sýnt. Hróbjartur Árnason (2005) fjallar um óöryggi fullorðinna námsmanna og vitnar þar í bók Karlheinz Geißler, *Anfangssituationen*. Hróbjartur nefnir að í fyrsta lagi tengist óöryggi því að hefja þátttöku á nýju námi. Í öðru lagi upplifi fólk gjarnan óöryggi þegar það þurfi að takast á við ný og ókunnug viðfangsefni og í þriðja lagi finni það til ótta við að verða sér til skammar, t.d. með því að koma upp um vankunnáttu sína eða það þurfi að gera eitthvað sem því mistekst að gera. Í sama streng taka Merriam og Caffarella (1999) sem einnig nefna að ýmislegt geti valdið fullorðnu fólki hræðslu við að hefja nám að nýju. Þær nefna sem dæmi óttann við að valda kennurum og fjölskyldu vonbrigðum. Viðkomandi sé líka hræddur um að hann muni ekki einu

sinni skilja hvað kennarinn segir og hinn síðarnefndi verði þá óánægður með hann.

Viðmælendur mínir nefndu einnig þessa þætti og þeir hafa einnig komið fram í óformlegum viðtölum við nemendur á brautinni. Nemendur sögðu m.a. að áður en þeir byrjuðu í skólanum hafi þeir velt því fyrir sér hvers konar fólk yrði í náminu og til hvers yrði ætlast til af þeim. Þeir hafi efast um námsgetu sína, verið feimnir og hræddir um að mistakast. Jafnvel hafi þeir haft áhyggjur af því að rata ekki innanhúss og verða að athlægi fyrir klaufaskap sinn.

Nokkrar konur höfðu orðið fyrir einelti í fyrri skólagöngu sinni og voru mjög hræddar um að það myndi endurtaka sig. Þær sögðust ekki hafa getað andað rólega fyrr en eftir um það bil tvær vikur þegar þeim var ljóst að allir nemendur voru mættir og að í þetta sinn væri mögulegt að þær gætu notið skólagöngunnar. Þær sögðu líka að þetta óöryggi hefði næstum því orðið til þess að þær hættu við að fara í skólann en þær sögðu einnig að eftir því sem tíminn leið hafi þeim farið að líða betur. Þær hefðu náð tökum á námsefninu og nefndu flestar að gott andrúmsloft í bekknum hefði hjálpað mikið til.

Með þessa vitneskju í huga er mögulegt að nota fyrstu dagana til þess að sýna nemendum skólann, kynna þeim reglur og hefðir og auðvelda þeim upphaf námsins á annan hátt t.d. með markvissu hópefli. Draga þarf úr kvíða og vanlíðan nemendanna og hugsanlega væri sérstakur námsstuðningur til bóta, til dæmis fyrstu tvær vikurnar á meðan nemendur eru að fóta sig í náminu og kynnast aðstæðum. Einnig er hægt að koma á tengslum milli nemanda í bekknum þannig að sérhver nemandi geti óhikað haft samband við félagi sinn til þess að fá stuðning frá honum, bæði félagslegan og námslegan.

Í óbirtri doktorsritgerð sinni árið 1994 telur Bartholomew að brottfall tengist félagslegu umhverfi innan bekkjarins. Nemendur sem tengjast öðrum nemendum í skólanum eru ólíklegri til að falla út eða stoppa í náminu. Kennarar hafi tilhneigingu til að upplifa andrúmsloft bekkjarins jákvæðara en nemendurnir. Hún fann líka út að kvenkyns nemendur væru líklegri til að vera lengur að útskrifast og líklegri til að gera hlé á námi (e. stop outs) og þá vegna skyldna við fjölskylduna (McMillan, 2003).

Innan skrifstofubrautarinnar getur aldursbilið verið breitt og breiðara en yfirleitt er innan bekkjar þar sem yngri nemendur eru. Sem dæmi má

taka að viðmælendur mínir í staðbundnu viðtölunum voru á aldrinum 26 - 54 ára.

Wagschal (1997) sagði að aldursbilið sé breiðara innan hóps fullorðinna námsmanna heldur en innan hefðbundins bekkjar. Um meiri lífsreynslu sé að ræða í hópi nemenda sem er á aldrinum 20 – 50 ára og kennarar geti því upplifað sem þeir séu að kenna tveimur kynslóðum eldri nema. Eldri hópurinn sem er á aldrinum 40 – 50 ára hafi kannski haft vinnu sem tengist ábyrgð og geti verið í náminu til þess að fríska upp á kunnáttu sína. Yngri nemendur gætu hafa verið að vinna láglaunastörf. Eldri nemendur væru oft ákafari að gera ALLT fyrir háa einkunn þó það fæli í sér meiri lestur og skýrslugerð en yngri nemendum líki oft á tíðum ekki auka lestur eða ítarefni. Wagschal bætti við að yngri nemendur hefðu minni væntingar, bæði til sjálfra sín og hvaða möguleika þeir hefðu eftir námið. Eldri nemendur sem virtust hafa meiri sameiginlega lífsreynslu veittist auðvelt að bindast vináttuböndum en þeir sem yngri voru virtust ekki hafa mörg sameiginleg markmið eða deila sameiginlegri reynslu. Það sem er líkt með eldri og yngri námsmönnum er að það er algengara að yngri námsmenn vinni með námi og beri ábyrgð á öðru en námi sínu. Þó eldri nemendur hafi ef til vill reynslu af vinnumarkaði þá er námsefnið í skólanum nýtt fyrir þeim og því eru þeir jafn óryggir og nýnemar sem einnig eru í nýju umhverfi og með nýtt námsefni. Sumir eldri námsmenn hafa einnig neikvæða reynslu af fyrri skólagöngu. Kennarar ættu því ekki að halda að þeim sem eldri eru líði betur eða þeir séu sjálfsöruggar en yngri bekkjarfélagarnir.

Viðmælendur mínir nefndu einnig í sambandi við viðmót kennara hvað hjálpssemi þeirra og hvatning hefði haft mikið að segja fyrir þá. Brundage og Mackeracher (1980) segja að jákvæð endurgjöf í námsferlinu hvetji námsmanninn til frekari dáða. Þeir halda því einnig fram að ákveðin örvun sé nauðsynleg til að nám eigi sér stað og á sama hátt dragi vanlíðan úr framförum í námi. Nokkrar kvennanna voru þó sammála um að viðmót eins kennara á brautinni hefði verið slæmt eða hvorki gott né slæmt en á þeim tíma sem liðinn er síðan þær voru í skólanum hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir varðandi áður nefndan kennara. Vanda þarf val á kennurum sem kenna jafn viðkvæmum hópi sem þessum og hugsanlega getur það dregið úr aðsókn að brautinni ef slíkt orð fer af kennurum og það berst á milli manna.

Cantor (2001) segir að sá sem kenni eða leiðbeini fullorðnu fólki þurfi að hafa tíu atriði í huga:

- ❖ Koma fram við námsmanninn sem leiðtogi, aðstoðarmaður, leiðbeinandi, og fulltrúi breytinga
- ❖ Koma á virkri þátttöku og þríhliða tjáskiptum í hópnum.
- ❖ Skapa vinsamlegt andrúmsloft innan hópsins.
- ❖ Koma auga á sérstöðu sérhvers nemanda.
- ❖ Aðstoða nemandann við að setja sér markmið og skilja þau.
- ❖ Spyrja spurninga sem hvetja til virkni.
- ❖ Gera sér grein fyrir mismunandi reynslu þátttakenda.
- ❖ Styrkja samvinnu nemenda.
- ❖ Vera hluti af hópnum.
- ❖ Efla gagnrýna hugsun.

Dean (2002) nefnir að kennarinn ætti að búa yfir sjálfsöryggi, vera afslappaður, fullur eldmóðs, viðmótsþýður, og skapandi.

Apps (1981) taldi þá vera besta til að kenna fullorðnum námsmönnum sem hefðu áhuga á nemendum sínum, byggju yfir góðum persónuleika, hefðu áhuga á viðfangsefninu, hæfileika til að gera viðfangsefnið áhugavert og gættu hlutleysis. Sá sem tekur að sér að leiðbeina fullorðnum námsmönnum hefur mörg sjónarmið að brúa því sérhver námsmaður kemur í námið með einstaka lífsreynslu að baki og nálgast námsefnið og þekkinguna á sinn einstaklingsbundna hátt. Brookfield (1986) segir að það sé nánast ómögulegt að setja fram alhæfingar um námshegðun fullorðinna námsmanna þar sem hver og einn hafi svo sértæka nálgun að náminu.

Viðmælendur mínir töldu langflestir að þeir hefðu haft mikið gagn af námsgreinunum bæði beint og óbeint. Knowles o.fl. (1998) segja að fullorðnir námsmenn læri þegar þeir finni hjá sér þörf til þess og þegar



þeir verða að leysa vandamál eða öðlast þekkingu á einhverju nýju. Sem dæmi um þetta má nefna atriði sem tengjast tækni svo sem tölvunotkun. Fullorðnir námsmenn vilja læra það sem þeir telja gagnlegt fyrir sig en ekki eyða tíma sínum í eitthvað sem þeir sjá ekki tilgang með.

Í svipaðan streng tekur Smith (1982) sem segir að fullorðnir læri best þegar þeir sjálfir finni hjá sér þörfina til að læra og þegar þeir hafi eitthvað með það að segja hvað þeir læri, hvers vegna og hvernig. Það eflir þeim sjálfstraust og trú á að þeir séu meðvitað að styrkja námslega stöðu sína hvar sem þeir eru staddir í námsferli sínu. Merriam og fl. (2007) segja að þeir sem sækja sér menntun einblíni meira á formlega menntun en áður. Hugsanlega er það vegna þess að það er erfiðara að fá metna þátttöku á óformlegum námskeiðum.

Það kom á óvart hversu margar konur, sem tóku þátt í rannsókninni, höfðu upplifað neikvæð viðbrögð eða afskiptaleyfi við þeirri ákvörðun sinni að ætla í skóla á ný. Ýmist var um að ræða maka, börn eða vini sem brugðust svona við. Slík viðbrögð verða ef til vill til þess að nemandinn finnur fyrir samviskubiti og frekari vanlíðan því samfara og það dregur úr einbeitingu hans við námið. Þegar fullorðið fólk snýr aftur í skóla er það næsta víst að það hefur minni tíma fyrir fjölskylduna og þau störf sem það sinnti áður. Það getur skapað togstreitu hjá nemandanum því hann er undir meiri pressu en áður og líður hugsanlega illa yfir því að standa sig ekki eins og hann hefði viljað bæði heima og í skólanum. Það getur einnig verið að fjölskyldan skilji ekki til fullnustu það sem nemandinn gengur í gegnum og því getur skapast afbrýðisemi maka og barna út í það sem heldur nýja námsmanninum uppteknum, þ.e. skólinn.

Konurnar sem tóku þátt í rannsókninni sögðust sumar hverjar að í upphafi námsins hefðu þær haft áhyggjur af því að þær gætu jafnvel ekki lært og einhverjar nefndu aldur sinn í því samhengi. Brundage og Mackeracher (1980) telja að fullorðnir námsmenn séu færir um að læra svo lengi sem þeir lifa. Fyrri reynsla þeirra geti bæði verið þeim til hjálpar og hindrunar í náminu. Það sé í gegnum reynsluna sem nemandinn byggir skoðanir sínar og gildismat og það hafi áhrif á hvernig hann meðtaki örvun og upplýsingar. Brundage og Marckeracher segja það mikilvægt að kennarar virði fyrri reynslu nemandans og hana sé beinlínis hægt að nota með því að tengja hana því nýja sem hann er að fást við. Nemendur endurmeta þá fyrri reynslu í ljósi þeirrar nýfengnu og endurskilgreina skoðanir sínar og gildismat sitt.

Konurnar sem tóku þátt í rannsókn minni töldu að námið hefði haft breytingar í för með sér, aukið möguleika þeirra á vinnu, eftt sjálfstraustið og víkkað sjóndeildarhringinn. Preston og Feinstein (2004) segja að samkvæmt rannsókn þeirra hafi fullorðinsfræðsla að hluta til áhrif á viðhorfsbreytingu þátttakenda. Svo virðist sem viðhorf fullorðinna námsmanna breytist meira til þess sem, á vissan hátt, stendur þeim fjær. Sem dæmi má taka skoðun þeirra á kynþáttamisrétti og opinberu valdi en minna til þess sem stendur þeim nær, til dæmis hefðbundinna fjölskyldugilda. Það er samt nokkuð snúið að draga skýr mörk á milli þeirra þátta sem hafa orsakað breytingar hjá viðkomandi því þættirnir geta verið svo samofnir og það ber einnig að hafa í huga í tengslum við þessa eigindlegu rannsókn sem hefur ekki alhæfingargildi en getur þó gefið vísbendingar.

Í skýrslu OECD (2003) segir að nám sem er til þess valið að auka atvinnumöguleika námsmannsins geti samhliða aukið sjálfstraust viðkomandi og aukið áhuga hans á að takast á hendur fleiri og annars konar verkefni í samfélaginu. Á sama hátt getur verið að persóna sem fer í nám með það að markmiði að auka sjálfstraust sitt fái kraft eða kjark til þess að takast á hendur ný viðfangsefni á vinnumarkaði.

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir (2008) rannsakaði líðan og reynslu fullorðinna kvenna með litla formlega menntun sem hefja nám að nýju. Í niðurstöðum hennar kemur fram að konurnar töldu að hvatningin sem þær fengu til að gefa sjálfum sér tíma, mæta í skólann og umgangast hóp sem er að ná fram breytingum, innan og utan heimilis hafi orðið til þess að sýn þeirra á tilveruna breyttist og það gerði þær glaðari.

Lillian Vernon (e.d.) sem er þekkt í bandarískum viðskiptum segir að hafa megi ákveðna þumalfingursreglu í huga varðandi viðskipti en hún er á þá leið að ánægður viðskiptavinur segi þremur öðrum frá reynslu sinni en óánægður viðskiptavinur segi ellefu persónum frá upplifun sinni. Það er því til mikils að vinna.

Allar konurnar sem ég ræddi við sögðust mæla með náminu þar sem það hefði gert þeim gott og er það góð vísbending fyrir þá sem að skrifstofubrautinni koma um að starf þeirra hafi borið árangur. Þær nefndu einnig að sá háttur að endurskoða námið stöðugt og að vera í góðu sambandi við brautskráða nemendur og atvinnurekendur væri af hinu góða.

Það er íhugunarefni að hér á landi er æði stór hópur í svipaðri stöðu og þær konur sem þessi rannsókn snýst um. Í niðurstöðum Rakelar Steinvarar Hallgrímsdóttur (2008) kemur fram að á Íslandi eru 37% vinnuafls á aldrinum 25 – 64 ára aðeins með grunnmenntun en í löndunum í kringum okkur sé þessi hópur 16 – 23% vinnuaflsins. Jón Torfí Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir (2007) segja að talað sé um að 21. öldin einkennist af símenntun og Íslendingar séu þar í fremstu röð. Í ljósi þess hlýtur það að vera hagsmunamál að fullorðið fólk með litla grunnmenntun hafi möguleika til að bæta við sig þekkingu og með því auka möguleika sína til bættra kjara. Menntun er fjárfesting til framtíðar sem getur haft jákvæð áhrif á samfélagið í heild. Því er nauðsynlegt að gefa þessum hópi gaum og gera honum kleift að stunda nám við hæfi.

## 7 Lokaorð

Þessari rannsókn er einkum ætlað að svara því hvaða gildi nám á skrifstofubraut I, (staðbundið nám) í Menntaskólanum í Kópavogi hefur haft fyrir nemendur brautarinnar.

a) Hvað neminn hafði fengist við áður en hann hóf nám á skrifstofubrautinni?

b) Hvað námið hafði í för með sér?

Allflestir þátttakendurnir töldu að námið hefði haft gildi fyrir sig á þann veg að það hafi aukið atvinnumöguleikana, eftt sjálfstraustið og veitt góðan grunn undir frekara nám. En þó voru 8% þeirra sem tóku þátt í símaviðtölunum sem töldu námið ekki hafa haft neinar breytingar í för með sér. Svörin gáfu til kynna að svipað hlutfall aðspurðra hafi ekki farið að vinna á skrifstofu eftir námið og nánast sami fjöldi taldi sig ekki geta mælt með náminu því það væri leiðinlegt. Ástæðan fyrir því að einnig var hringt í útskrifaða nemendur var að kanna hvort sú fjarlægð sem slíkt fyrirkomulag veitir gæti haft í för með sér annars konar svör en í staðbundnu viðtölunum þar sem spyrjandinn situr fyrir framan þann sem svarar.

Áður en nemendur hófu námið höfðu þeir verið heimavinnandi, unnið með börn eða verslunartengd störf. Eftir að því lauk kom í ljós að rúmur helmingur (60%) hafði fengið vinnu á skrifstofu og hinir höfðu farið áfram í skóla. Þegar viðtölin voru tekin voru margir að vinna á skrifstofu eða 70% þeirra sem komu í staðbundnu viðtölin og 42% þeirra sem hringt var í en af þeim hópi voru einnig 13% í skóla. Þar sem viðtölin eru tekin við konur á aldrinum 23ja til 54 ára þá er einnig eðlilegt að einhverjar séu heima með börn.

Segja má að allir viðmælendur hafi verið samhljóma í skoðun sinni á því hvernig þeim leið í fyrstu eftir að þeir hófu námið en áberandi var hve konurnar töldu sig hafa verið óöruggar til að byrja með. Það er íhugunarefni fyrir þá sem að brautinni koma því einnig kom í ljós að tiltölulega margar upplifa afbrýðisemi, hlutleysi eða annað neikvætt af hálfu fjölskyldu og vina. Það hlýtur að vera erfitt að hefja nám eftir langa fjarveru frá skóla, þjást af óöryggi og fá ef til vill lítinn stuðning heima fyrir. Konurnar sögðu reyndar að með tímanum hefði þeim liðið betur,

þær hefðu fundið að þær réðu við verkefni og einnig kynnst kennurum og samnemendum. Smátt og smátt hefðu þær getað farið að njóta þess að vera í skóla og margar nefndu að þær væru í einhvers konar klúbbi með fyrrverandi bekkjarsystur.

Flestar töldu að allar námsgreinar hefðu nýst þeim en þó voru aðallega tvær námsgreinar, skjalavarsla og tollur sem þær töldu ekki hafa komið þeim að gagni. Fram kom að þær fylgjast mjög vel með breytingum sem eru gerðar á námsefni brautarinnar og hugsu hlýlega til skólans þar sem þær segja að þær myndu ráðleggja öðrum konum á sama aldri að sækja þetta nám og minnast tímans sem þær áttu í skólanum á jákvæðan hátt.

Í ljósi þess sem fram hefur komið í þessari rannsókn má draga þá ályktun að nokkuð stór hluti nemanda upplifi neikvætt eða hlutlaust viðmót að hálfu ættingja og vina vegna þeirrar ákvörðun sinnar að hefja skólagöngu að nýju. Fullorðnu námsmennirnir koma til náms á ný með mismunandi væntingar en flestir eiga það sammerkt að vera áhyggjufullir og óöryggir um eigin hæfileika og getu til námsins. Sumir eiga líka verulega slæmar minningar frá fyrri skólagöngu og eru viðkvæmir af þeim sökum.

Þeir sem að náminu standa ættu því að hafa í huga að vanda mjög til móttöku þessara nemenda og vinna markvisst að því að eyða óöryggi þeirra og kvíða en efla samkennd þeirra í námi og félagslífi. Í sambandi við skrifstofubrautina sérstaklega mætti einnig hafa í huga að gefa nemendum góðan tíma í upphafi til að kynnst aðstæðum í skólanum, reglum hans og hefðum. Æskilegt er að ýtt sé undir tengslamyndun milli bekkjarfélaga með jafningjastuðning í huga, jafnt félagslegan sem námslegan. Fyrstu dagana væri einnig gott að veita nemendum sérstakan námsstuðning og viðtöl samhliða markvissu hópefli. Þær kennsluáðferðir sem notaðar eru á brautinni eru til þess fallnar að virkja nemendur og tækju við sem eðlilegt framhald af meðvituðum undirbúningi og stuðningi við þáttakandann í upphafi skólagöngunnar.

## 7.1 Frekari rannsóknir

Áhugavert væri að skoða aðdraganda og upphaf námsins eða það tímabil þegar viðmælendur mínir sögðu að sér hefði liðið illa, því þeirra líðan má eflaust yfirfæra á annað fullorðið fólk í námi. Sömuleiðis tel ég að það gæti verið gagnlegt að skoða líðan og ef til vill einkenni þeirra

kennara sem kenna fullorðnum. Síðast en ekki síst að rannsaka brottfall fullorðinna námsmanna og ástæður þess.



## Heimildaskrá

- Alþýðusamband Íslands. (e.d.). *Saga verkalyðshreyfingarinnar*. Sótt 10. febrúar 2008 af [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-72/114\\_read-171](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-72/114_read-171).
- Apps, J. W. (1981). *The adult learner on campus: A guide for instructors and administrators*. Chicago: Fullet.
- Brookfield, S. D. (1986). *Understanding and facilitating adult learning*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Brookfield, S. D. (1994). *Self directed learning in YMA George Williams College ICE301*. Adult and community education, unit 2: Approaching adult education, London: YMCA George Williams College.
- Brundage, D. H. og Mackeracher, D. (1980). *Adult learning principles and their application to program planning*. Toronto: Ministry of Education.
- Bruner, J.S. (1966). *Toward a theory of instruction*. Cambridge, Mass: Harvard University Press.
- Cantor, J. A. (2001). *Delivering instruction to adult learners*. Toronto: Wall & Emerson, Inc.
- Cicourel, A. U. (1964). *Method and measurement in sociology*. New York: Free Press.
- Cohen, L., Manion, L. og Morrison, K. (2000). *Research methods in education*. (5. útg.). London og New York: RoutledgeFalmer.
- Creswell, J. W. (2003). *Research design. Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches*. Thousand Oaks, California: SAGE Publications.
- Cross, P. K. (1981). *Adults as learners: Increasing participation and facilitating learning*. San Francisco: Jossey – Bass Publishers.
- Daines, J., Daines, C. og Graham, B. (1993). *Adult learning, adult teaching*. Nottingham, England: University of Nottingham.
- Dean, G. J. (2002). *Designing instruction for adult learners* (2 útg.). Malabar, FL: Krieger.
- Dewey, J. (1933). *Hugsun og menntun*. Þýðing Gunnar Ragnarsson. 2000. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.



- Eddukvæði. (1969). *Hávamál*. Í Ólafur Briem (annaðist. útg.). Reykjavík: Skálholt.
- Erikson, E.H. (1974) *Dimensions of a new identity: The Jefferson lectures in the humanities*. New York: Norton.
- Evrópusambandið. (e.d). *What is lifelong learning?* Sótt 14. janúar 2008 af [http://ec.europa.eu/education/policies/lifelong/what\\_islifelong\\_en.html](http://ec.europa.eu/education/policies/lifelong/what_islifelong_en.html)
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (e.d.). *Skýrslur um símenntun*. Sótt 15. mars 2009 af <http://www.fel.hi.is/page/simenntun>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins*. Sótt 10. febrúar 2008 af <http://www.frae.is/default.asp?Id=390>
- Hagkvæmt er heimanám. (1967, 1. október). *Morgunblaðið*, bls. 20.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Ísland eftirstríðsáranna. Í Loftur Guttormsson (ritstj.), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*. (Síðara bindi, bls. 19). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Hitchcock, G. og Hughes, D. (1995). *Research and the teacher*. (2. útg.). London og New York: RoutledgeFalmer.
- Hróbjartur Árnason. (2005). Hvað er svona merkilegt við það...að vera fullorðinn? *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Sótt 2. mars 2009 af [http://www.frae.is//files/%7B82f2a9f8-3cab-4e47-8dec-83adcf060546%7D\\_hvad%20er%20svona-ha.pdf](http://www.frae.is//files/%7B82f2a9f8-3cab-4e47-8dec-83adcf060546%7D_hvad%20er%20svona-ha.pdf)
- Hsiao, J. W.D. L. (2000). *CSCS Theories*. Sótt 25. mars 2008 af <http://www.edb.utexas.edu/cscsstudent/Dhsiao/theories.html>
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáðferðanna. Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík: Æskan.
- Johnstone, J.W. og Rivera, J.R. (1965). *Volunteers for learning*. Chicago: Aldine.
- Jonassen, D., Mayers, T. og Aleese M. R. (1993). *A manifesto for a approach to technology in higher education. Designing environment constructive learning* (ritstj. Duffy, T., Jonassen D. og Lowyck, J.). FRG: Springer- Verlag.
- Jón Jónasson. (2001). *On- line distance education: A feasible choice in teacher education in Iceland?* Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Strathclyde. Sótt 3. mars 2008 af <http://starfsfolk.khi.is/jonj/skrif/mphil/2dised.htm#2.3>.

- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001a). *Fræðsla fullorðinna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001b). *Símenntun í ljósi fyrri skólagöngu með sérstakri umfjöllun um þá sem sækja ekki námskeið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2007). Er símenntunarþjóðfélag á Íslandi? *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Knowles, S.M. (1975). *Self-directed learning. A guide for learners and teachers*. Englewood Cliffs: Prentice Hall/Cambridge.
- Knowles, S. M., Holton, III. F. E. og Swanson, A. R. (1998). *The adult learner. The definitive classic in adult education and human resource development*. (5. útgáfa). Houston: Gulf Publishing Company.
- Kvale, S. (1996). *Interviews*. California: Sage Publications, Inc.
- Lög um almenna fullorðinsfræðslu* nr. 47/1992.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 80/1996.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 92/2008.
- Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu* nr. 19/1992.
- Maslow, A. H. (1970). *Motivation and personality*. New York: Harper and Row.
- McMillan, C. F. (2003). *A qualitative study of adult women in a Northeast Tennessee Community College*. Sótt 03. febrúar 2008 af <http://etd-submit.etsu.edu/etd/theses/available/etd-0528103-095951/unrestricted/McMillanF070203a.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (1998, 22. júní). *Skýrsla nefndar um símenntun*. Sótt 10. mars 2008 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/1627>.
- Menntaskólinn í Kópavogi. (e.d.). Sótt 12. mars 2008 af <http://www.mk.is/default/i/?id=02&t=s02s>.
- Merriam, S. B. og Caffarella, R. S. (1999). *Learning in adulthood*. San Fransisco: Jossey- Bass Publishers.

- Merriam, S. B., Caffarella, R. S. og Baumgarthner, L.M. (2007). *Learning in adulthood: A comprehensive guide*. (3 útg.) San-Francisco: Jossey- Bass.
- Organisation for economic co-operation and development (OECD). (2003). *Beyond Rhetoric. Adult learning policies and practices*. Paris: OECD.
- Ólafur Grétar Kristjánsson. (2003, 14. febrúar). Samantekt um efni ráðstefnu um mat á óformlegu námi fullorðinna. *Mat á óformlegu námi á Íslandi*. Sótt 27. febrúar 2009 af <http://www.google.is/search?hl=is&q=vi%C3%B0horf+til+n%C3%A1ms+%C3%A1+%C3%ADslandi&lr>
- Papert, S. (1998). *Child Power: keys to the new learning of the digital century*. Sótt 25. janúar 2009 af [http://www.connectedfamily.com/main\\_alt.html](http://www.connectedfamily.com/main_alt.html)
- Perry, W.G. (1970). *Forms of intellectual and ethical development in the college years*. Austin, Tex: Holt, Rinehart og Winston.
- Preston, J. og Feinstein, L. (2004). *Adult education and attitude change*. Sótt 6. desember 2008 af <http://www.learningbenefits.net/Publications/ResReps/ResRep11.pdf>
- Punch, K. F. (1998). *Introduction to social research. Quantitative and qualitative approaches*. London, Thousand Oaks og New Dehli: SAGE.
- Rafiðnaðarskólinn. (e.d.). *Um skólann*. Sótt 12. mars 2008 af <http://www.raf.is/web/?&OZON=Z3JvdXA9MTU3OA>.
- Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir. (2008). *Veistu... ég kann ekki neitt. Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun nr. 279 frá 17. apríl 1997*. Sótt 17. mars 2008 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir2791997>.
- Reischmann, J. (2004, september). *Andragogy. history, meaning, context, function*. Sótt 9. mars 2009 af <http://www.uni-bamberg.de/fileadmin/andragogik/08/andragogik/andragogy/index.htm#our>

- Reykjavíkurborg. (2006, 23. ágúst). *Aldarminning Ágústs Sigurðssonar, stofnanda Námsflokka Reykjavíkur*. Sótt 5. apríl 2008 af [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1559/2413\\_read-3495](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1559/2413_read-3495).
- Rogers, C. R. (1969). *Freedom to learn*. Boston: Houghton Mifflin.
- Rogers, J. (1989). *Adults learning*. Third edition. Philadelphia, PA: Open University Press.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður
- Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. (bls. 227). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D. (1997). *Qualitative research: theory, method and practice*. London: Sage.
- Smith, R.M. (1982). *Learning how to learn: Applied learning theory for adults*. New York: Cambridge Books.
- Spradley, J. P. (1979). *The ethnographic interview*. New York: Holt, Rinehart and Winston.
- Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. (2007). *Samþykktir Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks*. Sótt 14. apríl 2008 af <http://www.starfsmennt.is/samthykktir/>.
- Stjórnunarfélag Íslands. (e.d.). *Tilurð og tilgangur félagsins*. Sótt 9. mars 2009 af <http://www.stjornandinn.is/user/cat/show/22/180>
- Svanfríður Inga Jónasdóttir. (2005, september). *Námsáhugi fólks með litla formlega menntun*. Sótt 15. mars 2009 af [http://www.kaktus.is/svanfridur/Ritgerd\\_SJ\\_Lok.pdf](http://www.kaktus.is/svanfridur/Ritgerd_SJ_Lok.pdf)
- Vernon, L. (1997). *Make someone happy -- your customer*. Sótt 28. nóvember 2008 af <http://www.inc.com/articles/1998/07/16785.html>
- Wilhelmsen, S., Asmul, S. I. og Meistad, Ö. (1998). *Psychological theories; A brief survey of the changing views of learning*. CSCL – A brief overview & interesting links for further study. Sótt 25. janúar 2009 af [http://www.uib.no/People/sinia/CSCL/web\\_struktur-834.htm](http://www.uib.no/People/sinia/CSCL/web_struktur-834.htm)
- Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society. The development of higher psychological processes*. Cambridge Massachusetts, London England: Harward University Press.

- Wagschal, K. (1997). I became clueless teaching the genxers. *Adult Learning*. 8, 21-25
- Zeithaml, A. V. og Bitner, J. M. (2000). *Services marketing integrating customer focus across the firm*. 2/E. USA: McGraw-Hill Higher Education Companies.
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. (2008, 28. júní). Tímamót í menntamálum. *Morgunblaðið*, bls.? Sótt 1. mars 2009 af [http://www.nymenntastefna.is/media/frettir//timamot\\_i\\_menntamalum.pdf](http://www.nymenntastefna.is/media/frettir//timamot_i_menntamalum.pdf)
- Þuríður Jóhannsdóttir. (e.d.). *Um félagslega hugsmiðahyggju (Social – Constructivism)*. Sótt 5. mars 2009 af <http://ust.khi.is/tjona/hugsmid.htm>